

**I. EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

94/EES/34/01	Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti .....01
--------------	---

94/EES/34/02	Ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 1993 um rammaáætlun fyrir forgangsverkefni á sviði hagskýrslugerðar 1993 - 1997.....02
--------------	--

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin****4. Ráðgjafarnefnd EES****II EFTA-STOFNANIR****1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna****2. Eftirlitsstofnun EFTA**

94/EES/34/03	Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA um breytingu á f-lið 3. mgr. 27. kafla í „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“ .....29
--------------	--

94/EES/34/04	Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA um aðra breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“ .....29
--------------	---

**3. EFTA-dómstóllinn****III EB-STOFNANIR****1. Ráðið****2. Framkvæmdastjórnin**

94/EES/34/05	Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum .....32
--------------	---

94/EES/34/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.493 - Tractebel/Distrigaz II) .....	32
94/EES/34/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.480 - Sanofi/Kodak) .....	33
94/EES/34/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.496 - Marconi/Finmeccanica) .....	33
94/EES/34/09	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	34

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 2410/92**

**94/EES/34/01**

**frá 23. júlí 1992**

### **um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti<sup>(1)</sup>**

#### **RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 87. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(4)</sup>, og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 <sup>(5)</sup> var hluti af samþátta ráðstöfunum sem ráðið samþykkti að skyldu marka fyrsta skref í þá átt að ljúka myndun innri markaðar bandalagsins á sviði flutninga. Gildissvið reglugerðarinnar var því í samræmi við það takmarkað við millilandaflug milli bandalagsflugvalla.

Framkvæmdastjórnin hefur því nú ekki nein tiltæk ráð til þess að rannsaka milliliðalaust tilvik þar sem grunur leikur á broti á 85. og 86. gr. sáttmálans og skortir völd til að taka ákvarðanir eða setja viðurlög þau sem nauðsynleg eru til að hún geti heimilað samninga samkvæmt 3. mgr. 85. gr. og bundið enda á brot sem framkvæmdastjórnin hefur sannreynt varðandi flutninga innan aðildarríkis bandalagsins.

Flutningar í lofti sem fara að öllu leyti fram innan aðildarríkis eru nú einnig háðir ráðstöfunum bandalagsins í frjálrsræðisátt. Því þarf að setja reglur sem gera framkvæmdastjórninni kleift að grípa til nauðsynlegra ráðstafana í nánun og stöðugu samstarfi við lögbær yfirvöld aðildarríkja við framkvæmd 85. og 86. gr. sáttmálans á þessu sviði flutninga í lofti, í tilvikum þar sem áhrifa kann að gæta á verslun milli aðildarríkja.

Nauðsynlegt er að leiða í lög öruggar og skýrar reglur um flutninga í lofti innan aðildarríkis um leið og tryggt er innbyrðis samræmi í beitingu samkeppnisreglna. Af þessum sökum er gildissvið reglugerðarinnar (EBE) nr. 3975/87 fært út og látið taka til þessa sviðs flutninga í lofti.

#### **SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

##### **1. gr.**

Orðhlutinn „millilanda“ er hér með felldur brott úr 2. mgr. 1. gr. í reglugerð (EBE) nr. 3975/87.

##### **2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 1992

Fyrir hönd ráðsins,

**J. COPE**

forseti.

<sup>(1)</sup> Þessi EB-gerð, birt í Stjttíð. EB nr. L 240, 24.8.1992, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/94 frá 8. febrúar 1994 til breytingar á bókun 21 við EES-samninginn um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 1, 30.3.1994, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 255, 30. 8. 1991, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. C 125, 18. 5. 1992, bls. 113.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. C 169, 6. 7. 1992, bls. 13.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. C 374, 31. 12. 1987, bls. 1.

## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

94/EES/34/02

frá 22. júlí 1993

um rammaáætlun fyrir forgangsverkefni á sviði hagskýrslugerðar 1993 - 1997<sup>(1)</sup>

(93/464/EBE)

## RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 213. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópupingsins <sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(4)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bandalagið hefur tekið mikilvægar ákvarðanir með það fyrir augum að koma á og tryggja starfsemi innri markaðarins og stefnir að því að koma á Efnahags- og peningabandalagi.

Til að geta mótað, framkvæmt, fylgst með og lagt mat á stefnu sína þarf bandalagið að hafa aðgang að hagskýrslum sem eru sambærilegar milli aðildarríkja, nýjar, áreiðanlegar, upplýsandi og hagkvæmar.

Til að tryggja einsleitni og samanburðarhæfni hagskýrslna í bandalaginu þarf að gera rammaáætlun til nokkurra ára um hagskýrslugerð, sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin koma sér saman um að framkvæma eða er framkvæmd með einstökum ráðstöfunum sem ráðið eða - í afmörkuðum málum - framkvæmdastjórnin ákveður.

Hinar einstöku ráðstafanir eru að jafnaði á ábyrgð þeirra stofnana sem annast gerð opinberra hagskýrslna.

Einstök málefni varðandi gerð hagskýrslna fyrir bandalagið, sem byggjast á gögnum hagskýrslustofnana landanna, krefjast náinnar samvinnu, innan nefndar um hagskýrsluáætlanir, varðandi innleiðingu laga sem eru nauðsynleg vegna þessara bandalagsskýrslna.

<sup>(1)</sup> Þessi EB-gerð, birt í Stjttöð. EB nr. L 219, 28.8.1993, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/94 frá 8. febrúar 1994 til breytingar á bókun 30 við EES-samninginn um samvinnu á sviði hagskýrslugerðar, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 1, 30.3.1994, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjttöð. EB nr. C 277, 26. 10. 1992, bls. 54.

<sup>(3)</sup> Stjttöð. EB nr. C 176, 28. 6. 1993.

<sup>(4)</sup> Stjttöð. EB nr. C 19, 25. 1. 1993, bls. 62.

Áður en framkvæmdastjórnin lagði fram tillögu sína hafði hún samráð við nefnd um hagskýrsluáætlanir, nefnd um peninga, fjármál og greiðslujöfnuð, ráðgjafarnefnd Evrópu um hagskýrslugögn á sviði efnahags- og félagsmála, fastanefnd um landbúnaðarskýrslur og fastanefnd um utanríkisviðskipti og hafa þessar nefndir brugðist jákvætt við tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

## 1. gr.

Rammaáætlun bandalagsins um hagskýrslugerð inniheldur forgangsverkefni fyrir árin 1993-1997. Hún fylgir hér með í viðauka.

## 2. gr.

Forgangsverkefni eru á eftirfarandi málefnasviðum:

- a) starfsemi innri markaðarins;
- b) félagsmál, efnahagsleg og félagsleg samþætting og neytendavernd;
- c) Efnahags- og peningabandalagið;
- d) samskipti bandalagsins og umheimsins;
- e) þróun á sviði hagskýrslutækni og vinnuaflds.

## 3. gr.

Framkvæmdastjórnin leggur árlega leiðbeiningar um framkvæmd hagskýrsluáætlunarinnar til umfjöllunar fyrir nefnd um hagskýrsluáætlanir sem var sett á stofn með ákvörðun 89/382/EBE, KBE <sup>(5)</sup>.

Nefndin um hagskýrslur skal einkum taka afstöðu til eftirfarandi atriða:

- forgangsverkefna framkvæmdastjórnarinnar með hliðsjón af þeim kostnaði sem þau hafa í för með sér á landsvísu og bandalagsvísu,

<sup>(5)</sup> Stjttöð. EB nr. L 181, 28. 6. 1989, bls. 47.

- verklagsreglna og laga sem framkvæmdastjórnin gerir ráð fyrir vegna framkvæmdar áætlunarinnar.

Framkvæmdastjórnin tekur eftir föngum tillit til athugasemda nefndarinnar og tekur síðan þær ákvarðanir sem henni þykja heppilegastar.

#### 4. gr.

Rammaáætlunin um hagskýrslugerð sem um getur í 1. gr. skal framkvæmd í formi einstakra hagskýrsluráðstafana

- af hálfu ráðsins samkvæmt viðeigandi ákvæðum sáttmálans;
- af hálfu framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt settum skilyrðum í 5. gr. og í samræmi við málsmeðferðina í 6. gr.;
- með samkomulagi milli framkvæmdastjórnarinnar og landsyfirvalda með hliðsjón af valdsviði þessara aðila.

#### 5. gr.

Framkvæmdastjórnin getur tekið ákvörðun um einstakar hagskýrsluráðstafanir ef þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- ráðstöfunin má ekki gilda lengur en eitt ár,
- gögnin sem á að safna verða annaðhvort að vera stjórnsýslu- eða hagskýrslugögn sem eru til fyrir eða aðgengileg hjá lögbærum landsyfirvöldum eða gögn sem unnt er að safna beint, og tekur framkvæmdastjórnin á sig aukakostnað innanlands.

#### 6. gr.

- Við framkvæmd 5. gr. nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar nefndar um hagskýrsluáætlunir.
- Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vege eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.
- Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
  - Ef fyrirhugaðar ráðstafanir eru ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir, nema ráðið hafi mælt gegn þeim með einföldum meirihluta.

#### 7. gr.

Í tillögum sínum til ráðsins og tillögudrögunum sem hún leggur fyrir nefndina sem um getur í 6. gr. tilgreinir framkvæmdastjórnin:

- rök til stuðnings fyrirhuguðum ráðstöfunum, einkum í ljósi stefnumarkmiða bandalagsins á viðkomandi sviði,
- nákvæmlega markmiðin með ráðstöfunum, sett fram í tölum, og mat á því hvaða árangurs er vænst,
- verklagsreglur við framkvæmd ráðstafananna, gildistíma og hvaða hlutverki hagskýrslustofnanir einstakra landa og bandalagsins eiga að gegna,
- hlutverk þar til bærra sérfræðinganefnda,
- greiningu á kostnaði/hagnýtingu þar sem tekið er tillit til útgjalda sem áætlunin hefur í för með sér fyrir bandalagið og aðildarríki þess,
- alþjóðleg tilmæli við hagskýrslugerð sem fylgja skal,
- leiðir til að gera svarendum sem fyrirhafnarminnst að svara hagskýrsluspurningum.

#### 8. gr.

Framkvæmd einstakra ráðstafana í aðildarríkjunum er á ábyrgð innlendra hagskýrslustofnana; framkvæmdin tekur mið af skipulagi opinberrar hagskýrslugerðar í hverju aðildarríki.

#### 9. gr.

Aðildarríkin afhenda hagskýrslugögn samkvæmt tilteknum verklagsreglum fyrir hverja aðgerð í samræmi við reglugerð ráðsins (KBE, EBE) 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins <sup>(1)</sup>.

#### 10. gr.

Á þriðja ári rammaáætlunarinnar kannar framkvæmdastjórnin stöðu mála.

Að höfðu samráði við nefnd um hagskýrsluáætlunir metur framkvæmdastjórnin hvort markmið og forgangsatríði áætlunarinnar hafi verið framkvæmd og hún setur fram viðeigandi breytingartillögur ef nauðsyn krefur.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 151, 15. 6. 1990, bls. 1.

Þegar gildistími rammaáætlunarinnar er á enda leggur framkvæmdastjórnin fram, að höfðu samráði við nefnd um hagskýrsluáætlanir, skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar. Skýrslan skal send Evrópuþinginu og ráðinu fyrir árslok 1998.

**11. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júlí 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

***M. OFFECIERS-VAN DE WIELE***

forseti.

# VIÐAUKI

## RAMMAÁÆTLUN 1993 — 1997

### MEGINATRÍÐI FYRIRHUGAÐRA RÁÐSTAFANA Á SVIÐI HAGSKÝRSLUGERÐAR Í BANDALAGINU

#### ALMENN MARKMIÐ

#### TENGLI VIÐ AÐRAR SAMEIGINLEGAR RÁÐSTAFANIR HAGSKÝRSLUÁÆTLANASVIÐ

#### I. ÁÆTLANIR MEÐ HLIÐSJÓN AF INNRI MARKAÐINUM

- A. Hagskýrsluáætlanasvið vegna stefnumótunar í iðnaðar-, flutninga-, orku-, rannsókn- og þróunar- og ferðamálum

##### Tilgangur

##### Hagskýrslumarkmið

1. *Staðlar*
2. *Hagskýrslur um vöruviðskipti milli aðildarríkja*
3. *Fyrirtækjaskýrslur*
  - a) *Iðnaður*
  - b) *Þjónusta*
4. *Fiskiskýrslur*
5. *Rannsókn- og þróunarskýrslur*
6. *Orkuskýrslur*
7. *Ferðaþjónustuskýrslur*

- B. Hagskýrsluáætlanasvið vegna mótunar sameiginlegrar landbúnaðar- og fiskveiðistefnu

##### Tilgangur

##### Hagskýrslumarkmið

1. *Landbúnaðarskýrslur*
  - a) *Landbúnaðarframleiðsla*
  - b) *Verð og tekjur í landbúnaði*
  - c) *Uppbygging landbúnaðar*
  - d) *Framleiðsla landbúnaðarvara*
  - e) *Skógariðnaður*
2. *Fiskiskýrslur*

**C. Hagskýrsluáætlanasvið vegna stefnumótunar í umhverfismálum****Tilgangur****Hagskýrslumarkmið****Umhverfisskýrslur****II. HAGSKÝRSLUÁÆTLANASVIÐ FÉLAGSMÁLA, EFNAHAGS- OG FÉLAGSLEGRAR SAMÞÆTTINGAR OG NEYTENDAVERNDAR****Tilgangur****Hagskýrslumarkmið**

1. *Atvinnuskýrslur*
2. *Hagskýrslur um lífs- og vinnuskilyrði og félagslega vernd*
  - a) Íbúafjöldi
  - b) Vinnuskilyrði
  - c) Lífsskilyrði og félagsleg vernd
3. *Menntamála- og starfsþjálfunarskýrslur*
4. *Heilbrigðis- og öryggisskýrslur*
5. *Svæðisskýrslur og staðbundnar skýrslur*
6. *Hagskýrslur um neytendavernd*

**III. HAGSKÝRSLUÁÆTLANASVIÐ FYRIR EFNAHAGS- OG PENINGABANDALAGIÐ****Tilgangur****Hagskýrslumarkmið**

1. *Þjóðhagsreikningar (efnahags- og fjárhagsbókhald)*
2. *Hagskýrslur í opinbera geiranum*
  - a) Hagskýrslur opinberra fyrirtækja
  - b) Hagskýrslur hins opinbera
3. *Hagskýrslur um greiðsluöfnum*
4. *Verðlagshagskýrslur*
5. *Mælistikur til að samræma stefnu í peningamálum*
6. *Hagskýrslur um evrópsku mynteininguna (ECU)*
7. *Hagskýrslur um utanríkisverslun*

**IV. HAGSKÝRSLUÁÆTLANASVIÐ FYRIR BANDALAGIÐ OG ÖNNUR LÖND HEIMSINS****Tilgangur****Hagskýrslumarkmið**

1. *Hagskýrslur og Evrópska efnahagssvæðið (EES)*
2. *Þróun hagskýrslukerfa í löndum sem eru að færast í átt til markaðshagkerfis*
3. *Þróun hagskýrslukerfa í þróunarlöndum*
4. *Samvinna við önnur þriðju lönd*
5. *Samvinna við alþjóðastofnanir*

**V. ÞRÓUN HAGSKÝRSLUTÆKNI OG MANNAFLA****Tilgangur****Hagskýrslumarkmið**

1. *Miðlun hagskýrslugagna og gagnatækni*
  - a) *Þjónusta fyrir dreifingu hagskýrsluupplýsinga (DSIS-verkefnið)*
  - b) *Uppsetning miðlunarnets fyrir hagskýrslukerfi bandalagsins*
2. *Hagskýrsluþjálfun*
3. *Hagskýrslurannsókn*
  - a) *Þróun sérfræðihagskýrslukerfa (DOSES-áætlunin)*
  - b) *Yfirfærsla tækni milli hagskýrslukerfa*
  - c) *Landfræðilegir þættir*

## RAMMAÁÆTLUN 1993 - 1997 - MEGINTRÍÐI FYRIRHUGAÐRA RÁÐSTAFANA Á SVIÐI HAGSKÝRSLUGERÐAR Í BANDALAGINU

### ALMENN MARKMIÐ

Hagskýrslukerfi bandalagsins á að sinna eftirtöldum verkefnum:

- að þróa staðla, aðferðir og skipulag svo hægt sé að taka saman sambærilegar, áreiðanlegar og upplýsandi hagskýrslur alls staðar í bandalaginu,
- að veita evrópskum stofnunum og ríkisstjórnnum aðildarríkjanna nauðsynlegar upplýsingar til að framkvæma, fylgjast með og meta stefnumótun bandalagsins,
- dreifa hagskýrslugögnum til almennings í Evrópu, til fyrirtækja og til allra þeirra aðila sem starfa að efnahags- eða félagsmálum og þarfnast upplýsinganna til ákvörðunartöku,
- að bæta hagskýrslukerfi aðildarríkjanna og styðja við hagskýrslugerð í þróunarríkjum og ríkjum sem eru að taka upp markaðshagkerfi.

Til að ná fram þessum markmiðum þarf að gera eftirtaldar ráðstafanir:

- a) þróa sameiginlegt flokkunarkerfi, aðferðir og skilgreiningar sem má beita beint í öllum aðildarríkjunum og styðjast við bandalagslög;
- b) framkvæma sameiginlegar hagskýrslukannanir byggðar á samræmdum aðferðum;
- c) útbúa, sundurgreina og dreifa hagskýrslugögnum um bandalagið, m.a. með samanburði milli einstakra landa og svæða;
- d) nýta kunnáttu bandalagsins í hagskýrsluáætlunum aðildarríkjanna;
- e) stuðla að samstillingu hagskýrsluáðferða einstakra landa með sameiginlegu námskeiðahaldi og þjálfun;
- f) styðja þróun hagskýrslukerfa í bandalagslöndum og löndum utan bandalagsins með skipulagsaðgerðum og skiptum á tækni- og sérfræðikunnáttu milli aðildarríkja og við þriðju lönd.

### TENGLI VIÐ AÐRAR SAMEIGINLEGAR RÁÐSTAFANIR

Auk samstarfs um hagskýrslukerfi aðildarríkja er haft samstarf við hagskýrslustofnanir EFTA-ríkjanna innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og alþjóðastofnanir sem sinna hagskýrslugerð, m.a. Sameinuðu þjóðirnar og undirstofnanir þeirra, og loks OECD.

### HAGSKÝRSLUÁÆTLANASVIÐ

#### I. ÁÆTLANIR MEÐ HLIÐSJÓN AF INNRI MARKAÐINUM

##### A. Hagskýrsluáætlanasvið vegna stefnumótunar í iðnaðar-, flutninga-, orku-, rannsókn- og þróunar- og ferðamálum

###### Tilgangur

Að stuðla að gerð hagskýrslna sem eru nauðsynlegar til að innri markaðurinn geti starfað snurðulaus svo að ákvörðunartakendur (opinber yfirvöld, fyrirtæki og aðilar vinnumarkaðarins) hafi tiltæk nauðsynleg gögn til að tryggja samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar á alþjóðavettvangi, og um leið auka gagnsæi markaðarins.

## Hagskýrslumarkmið

Að leggja til við aðildarríkin samræmingu staðla, framkvæmd hagskýrslukannana innan bandalagsins, sameiginlega vinnslu fyrirbyggjandi gagna og að þau komi upp sameiginlegu hagskýrsluskipulagi, t.d. skrá á eftirfarandi sviðum:

### 1. Staðlar

Allar hagskýrsluáætlanirnar byggjast á nýjum evrópskum flokkunarkerfum sem eru að mestu leyti samræmd innlendum flokkunarkerfum, og með því fæst sameiginlegur rammi utan um gögn á öllum athafnasviðum í bandalaginu.

### 2. Hagskýrslur um vöruviðskipti milli aðildarríkja

Markmiðið með þessu verkefni er að framkvæma ákvarðanir ráðsins um vöruviðskipti milli aðildarríkja eftir 1992 þegar landamæraeftirlit hefur verið lagt niður innan bandalagsins.

Með tilkomu gagnabankans COMEXT-93, með viðskipta- og tollskýrslum fyrir bandalagið og lönd utan bandalagsins, verður unnt að fá nýrri og nákvæmari hagskýrslugögn.

Almenn notkun nýrra tæknilegra upplýsingamiðla, einkum CD-ROM, og útkeyrsla sem hentar betur stórgreinum atvinnulífsins og samkeyrsla upplýsinga og skráningarkerfa, sem bætur upplýsingastreymi og eykur gagnsæi markaðarins, gerir það auðveldara fyrir stofnanir og atvinnurekendur að fá ítarleg gögn.

Traustleiki hagskýrslugagna og hversu ný þau eru fer algjörlega eftir hagnýtu gildi þeirra fyrir atvinnufyrirtækin og þeim hagnaði sem þau hafa af upplýsingunum miðað við tilkostnað; af þeim sökum verður ekki aðeins reynt að minnka vinnuálag á þá sem eiga að veita upplýsingar heldur verður einnig gert kynningarátak, m.a. með námskeiðum, til að hækka svarhlutfallið.

Meginverkefnin fram undan eru samtenging viðskipta- og tollgagna, aukin samræming framleiðslu- og viðskiptaskýrslna, að láta gagnaöflun einnig ná til EFTA-landanna og samanburður við gögn frá þriðju löndum.

### 3. Fyrirtækjaskýrslur

#### a) Iðnaður

Megintilgangurinn með fyrirtækjaskýrslum er að útvega allar nauðsynlegar upplýsingar til að fylgjast með framleiðslukerfi bandalagsins og stefnumótun framkvæmdastjórnarinnar á einstökum sviðum. Hagskýrsluáætlunin 1993 — 1997 felur í sér, samkvæmt stofnsáttmálanum með áorðnum breytingum samkvæmt Maastricht-sáttmálanum, stöðlun (sameiginlegar aðferðir, flokkunarkerfi og staðlar), skipulag (tæknilegt og lagalegt), útvíkkun gagnaöflunar til nýrra landsvæða, nýja fjármögnun og mannafla.

Höfuðmarkmiðið er eftir sem áður að treysta þrjár grundvallarstoðir hagskýrslugerðar um fyrirtæki, þ.e. árlegar skýrslur um uppbyggingu og starfsemi fyrirtækja og eftirlit með umsvifum fyrirtækja og vöruframleiðslu og þjónustu.

Tilkoma árlegrar könnunar á uppbyggingu og starfsemi fyrirtækja gerir kleift að flokka gögn eftir atvinnugreinum, stærð og aðildarríkjum eða landsvæðum.

Skýrslur um vöruframleiðslu og þjónustu verða grundvöllur alls eftirlitsstarfs og þær munu gera innri markaðinn gagnsæri (verslunarstefna, samkeppnishæfni).

Auk þessa höfuðmarkmiðs verður áfram unnið eða þróunin eflað á eftirfarandi tveimur mikilvægu sviðum:

Í fyrsta lagi verður allra leiða leitað til að draga úr álagi á fyrirtæki sem eiga að svara með því að bæta skipulag fyrirtækjaskýrslanna og auka nýtingargildi þeirra fyrir fyrirtækin (áframhaldandi stöðlunarvinna, samræming spurninga til fyrirtækjanna, viðræður við þau um að laga upplýsingarnar að þörfum þeirra o.s.frv.).

Í öðru lagi er þörf á nýjum ráðstöfunum vegna breytinga á stefnu bandalagsins:

- þróun upplýsingakerfis fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) (sérstakar mælistikur, einkum lýðfræðilegar eða varðandi séreinkenni LMF),
- gerð og upptaka ítarlega mælistikna á samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja sem einnig leyfir samanburð við samkeppnisfyrirtæki þeirra (einkum í Bandaríkjunum og Japan),
- gerð rannsókn- og þróunarskýrslna til að mæla mikilvægi rannsókna og þróunar fyrir aukna framleiðni og meiri samkeppnishæfni.

#### b) Þjónusta

Þjónustuhagskýrslur verða áfram þróaðar með allan heiminn og einstök svæði í huga.

Samstilling aðferðar fyrir hagskýrslugerð um fyrirtæki og stofnanir í þjónustugeiranum kallar á aukna samþættingu hagskýrslugerðar um iðnfyrirtæki og þjónustufyrirtæki (þar á meðal þá tilhneigingu fyrirtækjanna að láta utanaðkomandi fyrirtæki annast stöðþjónustu). Við mótun aðferðar verður að hafa hliðsjón af reynslu af forkönnunum sem þurfa að njóta stuðnings og vera samræmdar af bandalaginu.

„Fyrirtækja-aðferðinni” verður að fylgja eftir með þróun aðferðafræði fyrir starfsemi-skýrslur þjónustufyrirtækja, þ.e. hagskýrslur um vörur, hlutverk, verð og magn.

Mæling á áhrifum innri markaðarins á sum mikilvæg en sumpart viðkvæm svið krefst þess að gerðar séu sérstakar kannanir á sviðum sem teljast hafa mikla þýðingu. Sem dæmi má nefna að fjármálaþjónusta, þjónusta við fyrirtæki, fjarskipti og myndmiðlunarþjónusta teljast hafa mikla þýðingu á bandalagsvísu og verður róðurinn nú hertur enn svo unnt verði að koma upp upplýsingakerfum.

Um leið hefur sáttmálinn um pólitískt samband, einkum ráðstafanir sem snerta „Hina félagslegu Evrópu”, í för með sér nýjar greinar á sviði þjónustu fyrir einstaklinga og hið opinbera (má í því sambandi nefna félagslegt öryggi, menntun, heilbrigðis- og velferðarþjónustu, menningar- og íþróttastarf o.s.frv.). Þessar greinar skulu flokkaðar undir „þjónustufyrirtæki”, með sérstakri áherslu á meðferð þjónustugreina sem eru ekki markaðstengdar og nái tengsl þessara greina og flokkun á útgjöldum hins opinbera.

Þróun hagskýrslna um þjónustufyrirtæki verður líka að tengjast þróun upplýsingakerfis sem byggist á sviðsskiptum skráum með félagshagfræðilegum gögnum og gögnum um handiðnað, og einnig sú vinna sem er unnin til að bæta og framkvæma „aðgerðaáætlun um þróun hagskýrslukerfis fyrir verslun og dreifingu”.

#### 4. *Flutningaskýrslur*

Í Maastricht-sáttmálanum kemur fram vilji til framsóknar á flutningasviðinu með frjálsri markaðsstefnu. Þetta hefur þá þýðingu fyrir hagskýrslugerð að gerð skýrslna á þeim bandalagssviðum þar sem þróunin er skemmra á veg komin verður að hafa forgang, þ.e. í flutningum í lofti og á sjó.

Auk hagskýrslna um flutningahætti verður einnig að taka saman skýrslur um notkun á mannvirkjum og flutningatækjum. Í því sambandi verður að leggja mikla áherslu á farþegaflutninga.

Sá rammi sem hefur verið ákveðinn fyrir flutningaskýrslur verður áfram í mótun með endurskoðun tilskipana um flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum og með útvíkkun skýrslna um flutninga í lofti og á sjó.

Upplýsingakerfið verður að samþætta með fjölbreyttar samgöngugreinar í huga því það auðveldar gerð hagskýrslukannana og gerir það mögulegt að tengja saman sviðsbundnar aðferðir.

#### 5. *Rannsókn- og þróunarskýrslur*

Það umboðsvald sem bandalaginu var fært á sviði rannsókna og tækniþróunar með einingarlögunum og nýsköpunarstefnu bandalagsins er styrkt enn frekar með Maastricht-sáttmálanum og því verður aukin þörf fyrir nýjar og nákvæmar hagskýrslur. Samkvæmt tillögu að ákvörðun ráðsins um rannsóknir og þróun og nýsköpun er með áætluninni fyrir árin 1993 — 1997 stefnt að því að samþætta núverandi ástand og um leið efla gagnasöfnun, t.d. með gagnaöflun um þá sem vinna að rannsóknum og þróun, með mælingum á tæknilegri getu landsvæða og með forkönnunum á sviði nýsköpunar. Samstarfið við OECD verður að treysta þannig að unnt sé að safna með stuttum fyrirvara upplýsingum um fjármögnun og kostnað við rannsókn- og þróunarstarf.

#### 6. *Orkuskýrslur*

Þróun orkuskýrslna er háð almennri þróun á efnahagssviðinu og þó einkum þróun á orkumarkaði.

Markmiðið með ráðstöfununum verður að bæta niðurstöðurnar, bæði hvað snertir sundurliðun framleiðsluvara og heildarniðurstöðurnar. Gagnaöflun um verð og neyslu skal útvíkkuð svo að hagskýrslurnar verði heilsteiptari.

Fyrirhugaðar ráðstafanir miða að eftirfarandi: að bæta og víkka samanburðarhæfni gagnanna með hliðsjón af gagnsæi raforkuverðs og -streymis, að tryggja aðflutning með markvissum aðgerðum í þá átt að dreifa gagnalindum á stærra landsvæði, að skiptast á orku innan bandalagsins, að nýta orkuna af hagkvæmni, að nota endurnýjanlegar orkulindir, að fylgjast með umhverfisáhrifum af völdum losunar efna við umbreytingu orkuafurða (CO<sub>2</sub>, SO<sub>2</sub> o.s.frv.) og meta efnahagslega þýðingu og orkufjárfestingar á tilteknum svæðum.

Sú stefna að nota af varúð hráefni sem er ekki orkukyns er mikilvæg viðbót í þessu sambandi. Opnun neta getur gert það nauðsynlegt að hafa hagskýrslueftirlit með notkun þeirra.

#### 7. *Ferðaþjónustuskýrslur*

Að því er ferðaþjónustuskýrslur snertir þarf að þróa upplýsingakerfi innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) sem miðast að mestu við framboð og eftirspurn í ferðaþjónustu.

**B. Hagskýrsluáætlanasvið vegna mótnar sameiginlegrar landbúnaðar- og fiskveiðistefnu****Tilgangur**

Að stuðla að gerð nauðsynlegra hagskýrslna vegna stjórnunar og eftirlits með ákvörðunum sem varða sameiginlega landbúnaðar- og fiskveiðistefnu.

**Hagskýrslumarkmið**

Að leggja til við aðildarríkin samræmingu staðla, framkvæmd hagskýrslukannana innan bandalagsins, sameiginlega vinnslu fyrirliggjandi gagna og að þau komi upp sameiginlegu hagskýrsluskipulagi, t.d. skrá á eftirfarandi sviðum:

1. *Landbúnaðarskýrslur*

Endurskoðun hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu og framkvæmdin í kjölfar niðurstaðna „skimunar“-aðgerðarinnar sem var gerð samkvæmt fyrri áætlun munu hafa verulegar breytingar í för með sér varðandi gerð landbúnaðarskýrslna á komandi árum. Það virðist óumflýjanlegt að breyta þeim leiðum sem eru farnar við söfnun upplýsinga um framleiðslu og framleiðsluáætlanir, verð, tekjur og uppbyggingu landbúnaðar. Markmiðið er að nýta betur þau aðföng sem fást til landbúnaðarskýrslugerðar og um leið að létta sívaxandi skýrsluálag á bændur.

a) *Landbúnaðarframleiðsla*

Uppskeyra: Uptaka jafnvægisstilla á ýmsum sviðum uppskeruframleiðslu svo og vissir grunnþættir í endurskoðun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar hafa gert það brýnna að hagskýrslur á þessu sviði verði enn vandaðri og sambærilegri en áður og að þær verði tiltækari fyrir en verið hefur. Við endurskoðun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar munu niðurstöður í hagskýrslum hafa mun beinni áhrif á stjórn markaða. Það þarf því ekki aðeins að setja bindandi lagamma um tölulegar upplýsingar uppskeruframleiðslu heldur þarf einnig að leita áfram bestu leiða til að tryggja áreiðanleika upplýsinganna, og um leið þarf að gæta þess að halda kostnaði og mannafla í lágmarki eftir því sem unnt er. Í þessu skyni munu rannsóknir á sýnatöku og spátækni sem og fjarkönnun áfram verða við lýði í sambandi við landbúnaðarskýrslur og þessir þættir jafnvel eflir enn frekar.

Búfjárframleiðsla: Hagskýrslur og lagafyrirmæli bandalagsins þarf að laga að breytingum á mörkuðum og í markaðsstjórn; því þarf reglulega að fara fram á þeim vandleg endurskoðun til að tryggja að markmiðum verði náð með sem minnstum tilkostnaði, með hliðsjón af mismiklu vægi framleiðslunnar eftir löndum. Sérstaklega þarf að huga að bættum upplýsingum um slátrun.

Birgðaskýrslur: Í þessum skýrslum eru dregnar saman upplýsingar um útvegum og neyslu á uppskeru- og búfjárframleiðslu, og með hjálp þeirra má því fylgjast með þróun sjálfsþurftar og neyslu. Tilkoma hins nýja kerfis um hagskýrslur fyrir viðskipti innan EB eftir 1992 kann að krefjast breytinga. Nauðsynlegt er að vanda þær enn frekar og skilgreina betur hvaða upplýsingar eru mikilvægastar, með það hugfast að tölurnar eru notaðar til grundvallar við gerð alþjóðasamninga, einkum GATT.

Fóðurbirgðaskýrslur: Undanfarin 20 ár hefur hagskýrslugögnum verið safnað um dýrafóður. Rannsóknir hafa farið fram á næringarþörfum dýra til að meta fóðurþörf nokkru áður en birgðatölur hafa legið fyrir. Reynt hefur verið, og verður áfram reynt, að bera saman birgðir og eftirspurn til að fá betri vitneskju um fóðurneyslu einstakra dýrategunda. Endurskoðun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar mun styrkja hlutverk markaðarins og því þarf að gera sérstakt átak til að afla upplýsinga um stöðu birgða, hjá einkaaðilum og hinu opinbera, og um áhrif þeirra á markaðinn.

## b) Verð og tekjur í landbúnaði

Það er mikilvægt verkefni að fylgjast með og bæta gagnalindir og aðferðir sem eru notaðar við gerð landbúnaðarreikninga, því það eykur samræmingu hagskýrslna milli aðildarríkja og eykur vitneskju um mismun á tekjum í landbúnaði innan bandalagsins. Þá verður einnig unnið að því að bæta greiningar og spár um tekjur í landbúnaði.

Þróun í greiningu á heildartekjum bænda mun auka mjög skilning á heildartekjum í landbúnaði.

Spá- og hermilíkön (til skamms tíma eða heldur lengri tíma), byggð á samþættum gagnagrunni fyrir landbúnað, verða þróuð og/eða endurnýjuð. Þau munu nýtast til að spá fyrir um og líkja eftir áhrifum mismunandi stefnu í landbúnaði. Notkun þessara líkana mun einnig hjálpa ráðamönnum við mótun tillagna. Aðildarríkin verða í auknum mæli fengin til liðs við þetta starf.

## c) Uppbygging landbúnaðar

Á árunum 1993 - 1997 munu aðildarríkin gera allar þær kannanir á uppbyggingu landbúnaðar sem um getur í reglugerð 571/88.

Til auðvelda aðgang að niðurstöðum þessara kannana og nýtingu þeirra verður að þróa áfram nýtt gagnabankakerfi (Eurofarm).

Nýting hagskýrslugagna frá stjórnsýslunni (skrár), einkum um fasta uppskeru, þýðir að bandalagið fær til afnota miklar upplýsingar um þróun viðkomandi landbúnaðargreina.

## d) Framleiðsla landbúnaðarvara

Söfnun upplýsinga um iðnað sem tengist landbúnaði verður haldið áfram. Komið verður til móts við þarfir notenda með því nota þau gögn sem liggja þegar fyrir og einnig verða fyrirhugaðar umbætur varðandi fyrirtækjaskýrslur hagnýttar.

## e) Skógariðnaður

Bættar upplýsingar um skógariðnað snerta einkum uppbyggingu skógariðnaðarfyrirtækja; markmiðið er að gera sér grein fyrir skógariðnaði í bandalaginu.

2. *Fiskiskýrslur*

Sameiginlega fiskveiðistefnan tekur til margra hagsmunasviða þar sem þörf er fyrir hagskýrslur: markaðsstjórnun, varðveisla fiskistofna og endurskipulagning fiskiðnaðar.

Reglugerðir sem hafa verið settar um löndun fiskafurða og veiðar á Norðvestur- og Norðaustur-Atlantshafi gera ráð fyrir gerð nauðsynlegustu hagskýrslna. Á komandi árum þarf að bæta þessi gögn með stöðugum upplýsingaskiptum varðandi þær aðferðir sem aðildarríkin beita.

Forvinna hefur þegar verið unnin varðandi bættar hagskýrslur um fiskveiðar í Miðjarðarhafi og um fiskeldi.

### C. Hagskýrsluáætlanasvið vegna stefnumótunar í umhverfismálum

#### Tilgangur

Að stuðla að söfnun hagskýrslugagna til að móta, framkvæma, hafa eftirlit með og meta áætlanir í umhverfismálum.

#### Hagskýrslumarkmið

Að leggja til við aðildarríkin samræmingu staðla, framkvæmd hagskýrslukannana innan bandalagsins, sameiginlega vinnslu fyrirliggjandi gagna og að þau komi upp sameiginlegu hagskýrsluskipulagi, t.d. skrá á eftirfarandi sviðum:

#### *Umhverfisskýrslur*

Það tímabil sem þessi nýja áætlun nær til fellur saman við gildistíma fimmtu aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði umhverfismála, „Í átt til sjálfbærleika”, þar sem meginreglurnar um sjálfbærleika og sameiginlega ábyrgð allra hlutaðeigandi aðila eru útskýrðar nánar. Áætlunin gerir ráð fyrir því að horfið sé frá hefðbundinni lagasetningarstefnu en stefnt að því að fastmóta sambland af efnahagslegum og félagslegum leiðum á öllum sviðum, að breyta framferði hlutaðeigandi aðila og innræta aðilum sameiginlega umhverfisábyrgð.

Hugmyndinni um sjálfbærleika er fylgt eftir á heimsvísu af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál og þróun (UNCED) sem kom saman á fundi í Brasilíu í júní 1992 með málefnaáskrá fyrir 21. öld, þar sem einnig er kafli um heppilega stefnu í upplýsingamálum.

Í ljósi þessa þarf áætlunin um umhverfisskýrslur 1993 — 1997 að fylgja eftir og breikka markmið áætlunarinnar frá 1989 — 1992; þá þarf að hrinda í framkvæmd niðurstöðum rannsókna sem nú eru í gangi.

Forgangsverkefni eru þessi:

- að setja upp kerfi fyrir söfnun hagskýrslugagna um úrgang í tengslum við löggjöf bandalagsins um meðferð úrgangs,
- að setja upp kerfi fyrir söfnun hagskýrslugagna í tengslum við kannanir í iðnaði um útblástur skaðlegra efna og myndun úrgangs og varðandi kostnað sem hlýst af því að hindra mengun og eyða úrgangi; samantekt og lýsing varðandi visttengdan iðnað,
- að gera skrár yfir útblástur og úrgang eftir atvinnugreinum í samvinnu við Umhverfisskrifstofu Evrópu (Corinair-áætlunin),
- að samræma hagskýrslur um opinber útgjöld til umhverfismála- og rannsókna- og þróunarstarfs á þessu sviði,
- að útbúa mælistikur og greina hagskýrslur um flutninga, hráefni, orku, iðnað, landbúnað og ferðaþjónustu til nota við mótun umhverfismálastefnu á þessum sviðum,
- að taka þátt í alþjóðastarfi varðandi umhverfis-fylgireikninga.

Á næstu árum ættu hagskýrslur að verða vandaðri með tilkomu bandalagsstaðla um umhverfismálaáætlunir, umhverfisreikninga og umhverfisrýni af hálfu fyrirtækja og opinberra stofnana, með aukinni vitneskju og ábyrgð einstakra neytenda og borgara, með framförum í vísindarannsóknum á orsökum og afleiðingum umhverfisálags af völdum manna svo og með mótun heppilegrar hagfræðikennningar og reynsluáðferða til að verðleggja umhverfisskaða; þetta síðastnefnda á að sýna kostnað við umhverfisskaða og eyðingu náttúruauðlinda í ljósi heildarhags.

## II. HAGSKÝRSLUÁÆTLANASVIÐ FÉLAGSMÁLA, EFNAHAGS- OG FÉLAGSLEGRAR SAMÞÆTTINGAR OG NEYTENDAVERNDAR

### Tilgangur

Að vinna að gerð samræmdra hagskýrslumælistikna fyrir atvinnu, atvinnuleysi, fólksflutninga, lífskjarastig, heilbrigði, félagslegt öryggi, menntun, starfsþjálfun og misræmi milli svæða.

### Hagskýrslumarkmið

Að leggja til við aðildarríkin að gerðar verði hagskýrslukannanir eða fyrirbyggjandi gögn unnin í samræmi við sameiginlegt fyrirkomulag á eftirtöldum sviðum:

#### 1. *Atvinnuskýrslur*

Sú viðleitni að gera niðurstöður mannaflakannana áreiðanlegri og víðtækari er að fullu réttlætunleg í þessu samhengi. Hlutverk mannaflakannana er í meginráttum hið sama við gerð atvinnuskýrslna og þær munu öðlast aukið mikilvægi með þróun sem leiðir af 123. gr. Maastricht-sáttmálans þar sem fram kemur að hlutverk Félagsmálasjóðs er meðal annars, samkvæmt 3. og 4. markmiði, að „auðvelda aðlögun starfsmanna að breytingum á sviði iðnaðar og breytingum á framleiðsluferfum, einkum með starfsþjálfun og endurþjálfun í huga”

Þessi könnun á vegum bandalagsins verður í framtíðinni í ríkari mæli en áður mikilvægur grunnur og sameiginlegur rammi að mati sem liggur til grundvallar nákvæmari og tíðari hagskýrslugerð í aðildarríkjunum. Þannig verður ekki aðeins hægt að leggja fram samanburðarhæfar tölur mánaðarlega um atvinnuleysi heldur einnig að meta með auðveldari hætti vinnuframboð í aðildarríkjunum þar sem vinnufyrirkomulag er að verða sífellt fjölbreytilegra (hlutastörf, einn aðili stundar mörg störf, fjölbreytileg störf/starfsþjálfun o.s.frv.).

Sérstök áhersla verður lögð á að afla skammtíamælistikna fyrir atvinnu eftir starfsgreinum.

#### 2. *Hagskýrslur um lífs- og vinnuskilyrði og félagslega vernd*

Skipta má forgangsáðgerðum á þessu sviði í þrjá höfuðflokka:

##### a) Íbúafjöldi

með eftirfarandi verkefnum:

- öflun árlegra samstæðra gagna sem eru samanburðarhæf í alþjóðlegu samhengi um lýðfræðilega stöðu og lýðfræðilega þróun,
- framhaldsvinna við lýðfræðilegar spár,
- upplýsingagjöf um fólksflutninga innan bandalagsins, einkum með hliðsjón af straumum, menntun og hæfi og aldri,
- svara þörfinni fyrir hagskýrslur um fólksflutninga inn í bandalagið þar sem rík áhersla er lögð á fjölskyldusamsetningu auk starfsþjálfunar og menntunar og hæfis innflytjenda,
- gerð upplýsingakerfis fyrir EBE/EFTA um fjölda farandverkamanna og hvaðan þeir koma.

## b) Vinnuskilyrði

með eftirfarandi verkefnum:

- hagskýrslugerð um vinnuskilyrði og einkum með tilliti til mismunandi gerða ráðningarsamninga, vinnutímadreifingar í þeim tilgangi að fylgjast með drögum að tilskipunum um þessi mál,
- bættar upplýsingar um laun og launakostnað, einkum með könnunum á launakerfi, öflun gagna um menntun og hæfi og um launadreifingu miðað við stærð fyrirtækja, athafnasvið og svæði. Með bættu upplýsingaflæði er einnig hægt að uppfylla kröfur um jöfn laun í þriðju áætlun bandalagsins um jafnrétti til handa konum og körlum þar sem reglunni „sömu laun fyrir sömu vinnu” er beitt,
- gerð skammtímamælistikna fyrir launakostnað,
- gerð mælistikna fyrir samskipti aðila vinnumarkaðarins (átök á vinnumarkaði, aðild að verkalýðsfélögum, samningar o.s.frv.).

Almennt talið hefur bandalagið haft það að markmiði að stuðla að jafnrétti kynjanna og því skal gerður greinarmunur á kynjum við gerð allra hagskýrslna ef hægt er að gera slíkan greinarmun vegna eðlis skýrslanna.

## c) Lífsskilyrði og félagsleg vernd

með eftirfarandi verkefnum:

- bætt samanburðarhæfni og tíðni gagna um neyslu og lífsskilyrði á heimilunum,
- gerð gagnabanka um tekjudreifingu með sérstakri áherslu á tekjur aldraðra í tengslum við ár aldraðra í Evrópu (1993),
- stofnun evrópsks rannsóknar„panels” til að kanna tekjur og lífsskilyrði á heimilunum sem á að gera kleift að fylgja eftir félagslegum þætti innri markaðarins,
- áframhaldandi notkun og þróun mælistikna fyrir fátækt og einkum samþætting þeirra þátta hennar sem hafa ekki fjárhagslega skírskotun,
- fylgst með útgjöldum og tekjum vegna félagslegrar verndar (Esspros), einkum að því er varðar uppkast að tilmælum um samstillingu markmiða sem varða félagslegt öryggi og tilmæli um lágmarksstig,
- fylgst með rekstrarhagfræðilegum rannsóknum á bótaþáttum eftir hlutverki,
- regluleg uppfærsla á „Digest of Statistics on Social Protection in Europe”,
- uppfærsla annað hvert ár á hagskýrslum um félagslegar aðstæður fatlaðra einstaklinga,
- þróun gagnasöfnunar um hvernig Evrópubúar verja tíma sínum,
- útvegum gagna um þær ráðstafanir og fjárhagsáætlanir í þágu þjónustu til stuðnings fjölskyldum.

## 3. Menntamála- og starfsþjálfunarskýrslur

Gerð hagskýrslna um menntun, og einkum um starfsþjálfun, er eitt nýjasta og mikilvægasta verkefnið fyrir hagskýrslukerfi bandalagsins.

Bætt samanburðarhæfni hagskýrsla með því að koma á fót tengslum milli mennta- og starfsþjálfunarkerfa innanlands er mikilvægt verkefni sem þarf að þróa til að öðlast meiri þekkingu á raunverulegri stöðu mála í aðildarríkjunum. Upphafsbáttur þessa verkefnis getur byggst á sérvinnslu fyrirbyggjandi gagna sem er að finna í stjórnsýslubókum.

#### 4. *Heilbrigðis- og öryggisskýrslur*

Verkefnið sem fyrirhugað er að vinna að á þessu sviði fjalla um greiningu dánartölu og sjúkratölu eftir orsökum. Kerfisbundin söfn samanburðarhæfra gagna verða útbúið og þróuð frekar í samstarfi við lönd og alþjóðlegar stofnanir sem í hlut eiga, einkum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO).

Að auki er mælt til þess í ályktun ráðsins frá 21. desember 1987 og tilskipun frá 22. júní 1989 að hagskýrslur um slys á vinnustöðum og atvinnusjúkdóma verði samræmdar. Vinnu á þessu sviði verður fram haldið.

#### 5. *Svæðisskýrslur og staðbundnar skýrslur*

Svæðisbundnar hagskýrslur verða þróaðar með hliðsjón af eftirfarandi viðmiðunum:

- víðtækari gildissviði og svæðisumfangi (þar með talin nýju sambandslöndin í Þýskalandi) kerfa sem taka til svæðisreikninga fyrir öll aðildarríkin,
- aukinni skilvirkni bandalagskannana og auknum möguleikum á greiningu,
- aukinni samanburðarhæfni og áreiðanleika svæðismælistikna sem notaðir eru við að beita reglum um byggingarsjóði,
- svæðisgögnum um opinbera geirann,
- skipulagningu sameiginlegs gagnakerfis innan svæða sem gerir kleift að skipta bandalagssvæðum niður eftir landfræðilegum og stjórnunarlegum atriðum (vinnumarkaðssvæði, bæjar- og sveitasvæði o.s.frv.) og koma á fót gagna- og gagnavinnslugrunni til vinnslu korta af svæðum,
- þróun mælistikna fyrir þætti sem hafa afgerandi áhrif á þróunarmöguleika og uppbyggingarlega aðlögun, eins og til dæmis:
  - menntunarstig mannafla,
  - fjárfestingar,
  - mannvirki,
  - getu til nýsköpunar,
  - framkvæmdagetu eins og hún birtist til dæmis í fjölda nýrra fyrirtækja og fjölda fyrirtækja sem hætta rekstri.

#### 6. *Hagskýrslur um neytendavernd*

Í XI. bálki hins nýja sáttmála um Evrópusambandið er kafli um neytendavernd sem tekur til heilbrigðis, öryggis, efnahagslegra hagsmuna og upplýsingagjafar.

Upplýsinga er því þörf um:

- áhrif á heilsu og öryggi vegna notkunar vara og þjónustu, þar með talin slys í heimahúsum og við tómstundaiðkanir,
- þróun einkaneyslu eftir greinum og dreifingarleiðum (hefðbundin verslun, póstverslun).

Þörf er einnig á nýjum tegundum hagskýrsla sem gera ekki aðeins kleift að fylgjast með í hve miklum mæli innri markaðurinn skapar nýja markaði (til dæmis fyrir fjármálastofnanir) í bandalaginu, heldur einnig hversu mikið traust neytandinn hefur á honum (t.d. vöru- og þjónustuviðskipti út fyrir landamæri bandalagsins).

### III. HAGSKÝRSLUÁÆTLANASVIÐ FYRIR EFNAHAGS- OG PENINGABANDALAGIÐ

#### Tilgangur

Að stuðla að þróun samhæfðra hagskýrslumælistikna til að fylgjast með þeim markmiðum sem liggja að baki Efnahags- og peningabandalaginu. Þær taka til allra hagtalna sem stofnanirnar og aðildarríkin hafa þörf fyrir til að hafa eftirlit með beitingu grundvallarreglnanna sem mælt er fyrir um í a-lið 3. gr. (II. bóki) sáttmálans um samstillingu efnahagsstefna.

#### Hagskýrslumarkmið

Lagt verður til við aðildarríkin að þau geri hagskýrslukannanir eða vinni úr fyrirbyggjandi gögnum, samkvæmt sameiginlegum verklagsreglum, um eftirtalin svið:

##### 1. Þjóðhagsreikningar (efnahags- og fjárhagsbókhald)

Þjóðhagsreikningar verða áfram ein helsta gagnauppspretta fyrir þjóðhagslega greiningu.

Frá árinu 1988 hefur verg þjóðarframleiðsla verið grundvöllur að nýjum tekjuöflunarleiðum bandalagsins. Með tilskipuninni um verga þjóðarframleiðslu var innleidd málsmeðferð til að staðfesta og meta samanburðarhæfni og áreiðanleika talna um verga þjóðarframleiðslu í aðildarríkjunum.

Til þess að þessi markmið verði að veruleika er nauðsynlegt að efla þá vinnu sem nú fer fram og setja hana framár í forgangsröð.

Það felur í sér að:

1. tryggja að farið verði nánar eftir reglum evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (ESA);
2. aukin verði nákvæmni í útreikningum vergrar þjóðarframleiðslu;
3. tryggja að þjóðhagsreikningar gefi betri og nákvæmari mynd af efnahagsstarfsemi.

Í náninni framtíð er þess að vænta að gæði gagna sem liggja til grundvallar þjóðhagsreikningum aukist til muna. Í þessu sambandi má einkum nefna skrá yfir uppruna og aðferðir sem gerð er til að staðfesta samanburðarhæfni vergrar þjóðarframleiðslu í tengslum við framlag aðildarríkjanna til fjárlaga bandalagsins sem byggist á vergri þjóðarframleiðslu (fjórða tekjuuppspretta). Þó verður að taka mið af öðrum upplýsingum en vergri þjóðarframleiðslu einni og helstu liðum hennar. Samanburðarhæfni þjóðhagsspáa að því er varðar tekjudreifingu, sparnað og fjármögnun verður ein helsta krafa sem gerð er til að Efnahags- og peningabandalagið geti orðið að veruleika.

Í sambandssáttmálanum er lögð áhersla á mikilvægi hagskýrslumælistikna evrópska þjóðhagsreikningakerfisins. Skilgreiningar á fjárlagahalla, fjárfestingum og skuldum í bókun um málsmeðferð vegna of mikils ríkisfjárlagahalla eru fengnar hjá evrópska þjóðhagsreikningakerfinu. Verið er að endurskoða evrópska þjóðhagsreikningakerfið um þessar mundir og endurskoðuð útgáfa kemur út á tímabilinu sem þessi hagskýrsluáætlun tekur til.

Efnahagsreikningar, það er greining hlutfjár í stað fjármagnsflæðis, hafa þegar verið hafðir til hliðsjónar við endurskoðun evrópska þjóðhagsreikningakerfisins. Fjárhagsreikningarnir eru almenn undirstaða við rannsóknir á tilteknum þjóðhagslegum mælistikum, til dæmis heildarfjárhag, erlendum skuldum og ríkisskuldum. Nauðsynlegt verður að hafa alla efnahagsreikninga allra aðildarríkjanna aðgengilega til notkunar við greiningu efnahagslegra áhrifaþátta.

Í Efnahags- og peningabandalagi framtíðarinnar verður krafist þjóðhagsreikningakerfis fyrir sambandið í heild sinni til að hægt verði að hafa eftirlit með þróun efnahagsmála. Til að geta gert sér grein fyrir stöðu bandalagsins gagnvart umheiminum er nauðsynlegt að hafa aðgang að einsleitum gögnum um erlendar eignir og skuldir.

## 2. Hagskýrslur í opinbera geiranum

Vinnuáætlun á þessu sviði er mismunandi eftir því hvort um er að ræða hagskýrslur opinberra fyrirtæki eða opinberra stjórnvalda. Í fyrra tilvikinu þarf að byggja upp undirdeild fyrirtækjaskýrslna; í síðara tilvikinu þarf að auka gæði fyrirbyggjandi hagskýrslna (hraðar aðgengilegar, samanburðarhæfari og nákvæmari) til að laga þær að sérkröfum Efnahags- og peningabandalagsins.

### a) Hagskýrslur opinberra fyrirtækja

Í fyrsta lagi skulu koma fram í firmaskrá sem notaðar eru í hagskýrslutilgangi hvaða viðmiðanir liggja til grundvallar yfirráðum opinberra stjórnvalda yfir fyrirtækinu.

Að því er varðar kannanir bandalagsins á iðnfyrirtækjum og þjónustuaðilum skal framkvæmdastjórnin, í samvinnu við aðildarríkin, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga mörk milli einkafyrirtækja og opinberra fyrirtækja. Frá upphafi skal fylgjast með öllum breytum í þessum könnunum með tilliti til einstaka opinberra fyrirtækja auk þess sem aðrar breytur skulu hafðar til hliðsjónar.

Við gerð reikninga sem sýna eignir opinberra fyrirtækja (fjármálafyrirtækja og annarra fyrirtækja) skal hafa sérstaka hliðsjón af hagskýrslum sem sýna skuldastöðu opinberra fyrirtækja (og fyrirtækja sem eru starfrækt í hálfildings félagsrekstri) sem eru á ábyrgð opinberra stjórnvalda.

### b) Hagskýrslur hins opinbera

Tilteknir þættir þjóðhagsreikninga sem hafa lítt verið notaðir öðlast nýtt mikilvægi. Sem dæmi ná nefna að með sameiginlegri stefnu í peningamálum er nauðsynlegt við greiningu opinberrar fjármálastefnu að hafa aðgang að gögnum um tekjur og skuldir hins opinbera. Enn fremur tekur ein af fjórum samræmingarviðmiðunum í sambandssáttmálanum beint til opinberrar fjármálastefnu. Til þess að koma í framkvæmd bókuninni um málsmeðferð vegna of mikils fjárlagahalla ætti að samhæfa gögn um almenna fjárlaga- og skuldastöðu hins opinbera, halda þeim til haga og uppfæra í samræmi við aðferðarfræði Efnahags- og peningabandalagsins og ákvæði bókunarinnar.

Í c-lið 104. gr. sambandssáttmálans kemur fram að samspil fjárfestingarútgjalda hins opinbera og fjárlagahalla hins opinbera skuli vera ein þeirra viðmiðana sem tilgreina

skuli í skýrslu sem framkvæmdastjórnin á að leggja fram ef aðildarríki uppfylla ekki skilyrði varðandi fjárlagahalla. Í þessu felst að gögn um fjárfestingarútgjöld hins opinbera skuli samhæfð og haldið reglulega til haga. Þessi gögn verða unnin úr þjóðhagsreikningum.

### 3. *Hagskýrslur um greiðslujöfnuð*

Bæði einstök aðildarríki og bandalagið í heild sinni (a-liður 3. gr.) byggir á meginreglunni um „haldbæran greiðslujöfnuð“. Af því leiðir að gögn um greiðslujöfnuð eru afar gagnleg til að fylgjast með efnahagslegri og peningalegri sameiningu einstakra aðildarríkja og bandalagsins í heild sinni. Þessi gögn eru uppspretta haldbærra upplýsinga um þjóðhagslegt flæði í alþjóðasamhengi eins og til dæmis vöru- og þjónustuviðskipti, þáttatekjur, einhliða yfirfærslur, beina fjárfestingu og annað efnahags- og peningalegt flæði. Margs konar pólitískar ráðstafanir sem hafa þýðingu í tengslum við efnahags- og peningalega sameiningu, byggja að miklu leyti á upplýsingum fengnum úr hagskýrslum um greiðslujöfnuð. Meðal annars gildir þetta um þær ráðstafanir sem tengjast fjármagnsflutningum og greiðslur (c-liður 109. gr.) og gjaldeyrisviðskipti. Að auki virðist afar líklegt að í alþjóðlega viðskiptasamningnum (Úrúgváviðræðunum) sem er í burðarliðnum verði kveðið á um alþjóðþjónustuviðskipti en í því samhengi eru hagskýrslur um greiðslujöfnuð ein helsta uppspretta upplýsinga. Því er afar æskilegt að hafa aðgang að nákvæmum, áreiðanlegum og nýjum hagskýrslum um greiðslujöfnuð.

Á þessari stundu er nokkur mismunur á hagskýrslum aðildarríkjanna um greiðslujöfnuð með tilliti til nákvæmni, gæða og hversu nýjar þær eru. Enn fremur koma trúnaðarkvaðir í sumum aðildarríkjunum í veg fyrir að unnt sé að flytja gögn til bandalagsins. Það hefur í för með sér að á vettvangi bandalagsins verður skortur á samanburðarhæfum upplýsingum byggðum á sameiginlegum skilgreiningum í aðildarríkjunum. Af þessu leiðir að heildargögn yfir flæði innanlands hafa takmarkað gæðagildi. Að auki er flæði innanlands sjaldnast skipt í flæði innan bandalagsins og út fyrir það. Þær upplýsingar sem eru nú fáanlegar, einkum á vettvangi bandalagsins, eru auglýsilega ófullnægjandi til að uppfylla kröfur Efnahags- og peningabandalagsins í framtíðinni.

Þörf er á auknum aðgerðum til að ná fram tilskildum grundvallarúrþótum. Nauðsynlegt er að aðlaga væntanlega handbók Alþjóðgjaldeyrisjóðsins að bandalagsstöðlum þannig að notkun hennar í öllum aðildarríkjunum leiði ekki til hagskýrslumisræmis. Á sama tíma er þörf á að endurnýja og samræma gagnasöfnunarkerfi hvarvetna í bandalaginu. Öllum þessum viðfangsefnum skal lokið áður en þriðja stig hefst. Af því leiðir að nauðsynlegt er að nýta tímabil þessa hagskýrsluáætlanasviðs til fullnustu. Evrópska peningastofnunin mun á öðru stigi, ef þörf krefur, hafa samvinnu um að ná fram markmiðunum sem lýst er hér að framan.

### 4. *Verðlagshagskýrslur*

Upplýsingar um verðvísitölur hafa tvíþætta þýðingu fyrir Efnahags- og peningabandalagið. Í fyrsta lagi er kveðið á um í sáttmálanum að meginhlutverk evrópska seðlabankakerfisins eigi að vera að viðhalda stöðugu verðlagi. Í öðru lagi er ein viðmiðunin, sem notuð verður til að ákvarða hvaða aðildarríki teljist búa við efnahagskerfi sem hafa þegar náð nægilegri samstillingu til að ganga í Efnahags- og peningabandalagið, minnkun verðbólgu misræmis í löndunum niður í ásættanlegt stig mælt út frá vísitölum vöru og þjónustu.

Þótt framkvæmdastjórnin safni og dreifi gögnum um þróun verðbólgu í aðildarríkjunum á grundvelli verðvísitalna sem aðildarríkin láta í té mánaðarlega eru þessar innanlandsvísitölur ekki samræmdar að fullu. Með hliðsjón af mikilvægi þess að hafa aðgang að samanburðarhæfum gögnum um verðbólgu stíga skulu aðgerðir í náinni framtíð beinast að því að koma á samræmdri vísitölu vöru og þjónustu fyrir hvert aðildarríkjanna.

#### 5. *Mælistikur til að samræma stefnu í peningamálum*

Til þess að auka skilning á fjármálakerfum aðildarríkjanna verður vinnu haldið áfram við að gera skrá yfir uppsprettur og aðferðir sem notaðar eru við gerð bankahagskýrsla. Þessari skrá er ætlað að hjálpa til við að ákvarða hvaða fjármálastofnanir mynda grundvallareiningar í núverandi heildar-peningakerfi og hverjar eru samanburðarhæfar milli aðildarríkja vegna þess að þær hafa lík efnahagsleg einkenni. Það gerir bráðabirgðanefndinni, síðar Evrópsku peningastofnuninni, kleift að nota þessar grundvallareiningar til að fastsetja og prófa með vísindalegum hætti ýmsar skilgreiningar á peningamagni sem nota má til að auka samhæfingu peningamála í bandalaginu.

Á grundvelli niðurstaðna skrárinnar væri hægt að ákveða, ef þörf krefur, á hvaða svæðum mætti samræma öflun og vinnslu bankahagskýrsla. Fram til ársloka 1993 verða tillögur um samræmingu lagðar fram í samræmi við málsmeðferðina sem er í gildi á fyrsta stigi Efnahags- og peningabandalagsins. Frá 1. janúar 1994 verður þessi málsmeðferð á ábyrgð Evrópsku peningastofnunarinnar með hliðsjón af þeim verkefnum sem hún á að leysa af hendi á öðru stigi Efnahags- og peningabandalagsins og í því tilviki í síðasta lagi 31. desember 1996.

Sem framlag til marghliða eftirlitsþáttar ráðsins er nauðsynlegt að afla gagna um margvíslegar peningalegar mælistikur. Vextir teljast vera slík mælistika ásamt viðmiðunum um samstillingu sem mælt er fyrir um í sáttmálanum. Nauðsynlegt er að afla samanburðarhæfra upplýsinga um þessar mælistikur.

#### 6. *Hagskýrslur um evrópsku mynteininguna (ECU)*

Á tímabilinu til loka fyrsta stigs Efnahags- og peningabandalagsins verður haldið áfram að afla og birta hagskýrslur reglulega um evrópsku mynteininguna (ECU).

Á öðru stigi verður haldið áfram að safna, dreifa og þróa hagskýrslur um evrópsku mynteininguna, einkum til þess að gera Efnahags- og peningabandalaginu kleift að hafa eftirlit með þróun myntarinnar og auðvelda notkun hennar í samræmi við 2. og 4. gr. bókunarinnar um samþykktir Evrópsku peningastofnunarinnar og að gera framkvæmdastjórninni kleift að sinna skyldum sínum.

#### 7. *Hagskýrslur um utanríkisverslun*

Frá 1993 er mikilvægt að gripið verði á ný til kerfisbundinna aðgerða til að ljúka samræmingu eða stöðlun hagskýrsla um utanríkisverslun, en grunnurinn að slíku starfi var lagður með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1736/75. Gildistaka uppfærðrar útgáfu þessarar reglugerðar veitir bandalaginu og aðildarríkjunum tækifæri til að staðfesta, með nýrri framkvæmd ákvæða (einkum að því er varðar verðgildi, trúnaðarkvaðir og sérstakar vöruhreyfingar), sjálfstæði og sérstakt eðli hagskýrsla bandalagsins.

Áherslubreytingin virðist vera eina leiðin til að auka innri samanburðarhæfni niðurstaðna sem hagstofur í aðildarríkjunum skila til Hagstofu Evrópubandalagsins.

Þessar umbætur verða í sama mund og samanburðarhæfni erlendra gagna eykst, sem er meginmarkmið næsta áratugar, en þær nást meðal annars með því að samræma aðferðir eins og nú er verið að gera með EFTA og líklegt er að verði gert með löndunum sem eru að hefja markaðsbúskap auk yfirstandandi „sáttaumleitana” (Bandaríkin og Kanada) og verðandi „sáttaumleitana” (GATT) um viðskipti milli bandalagsins og þriðju landa. Markmiðinu er þó aðeins hægt að ná ef sérhver hagstofa samþykkir að samræma þá kerfisþætti sem greinir hana í reynd frá flestum öðrum hagstofum.

Með slíku sameiginlegu samþykki er þess að vænta að Hagstofa Evrópubandalagsins og hagstofur aðildarríkjanna geti komið fram á alþjóðavettvangi til undirbúnings samþykktu sem leiða til þess að alþjóðlegar hagskýrslur um utanríkisverslun verði samhæfðar með tryggum hætti í stað þess að byggja á leiðréttingu, aðlögun og mati sem koma þarf til vegna þess að mismunandi aðferðum er beitt.

Að því er varðar alþjóðþjónustuviðskipti væri raunhæft að takmarka í byrjun umfang upplýsinga við aðlögun vegna hagskýrslu um vöruviðskipti. Verður þetta til þess að auka almennt nákvæmni gagna um utanríkisverslun sem krafist er fyrir hagskýrslur um greiðslujöfnuð (t.d. verðgildi, tegund viðskipta, flutningskostnaður, tryggingarkostnaður, verktakavinna o.s.frv.).

Þeirri vinnu sem nú fer fram til að aðlaga hagskýrsluhluta Sameinaða flokkunarkerfisins að tækniframförum á sviði utanríkisverslunar og að kröfum annarra flokkunarkerfa bandalagsins eða alþjóðlegra flokkunarkerfa skal augljóslega fram haldið. Hið stofnanalega stjórnsýslufyrirvald sem í hlut á er nefndin um sameiginlega tolla- og hagskýrsluflokkunarkerfið.

Við greiningu á samstillingu í evrópskum hagkerfum er þörf á áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum. Gæði gagnanna aukast með því að beita raunhæfum aðgerðum sem, á grundvelli rannsókna í aðildarríkjunum, miða að því að ákveða sameiginlega lágmarksforskriftir um eftirlit og staðfestingar, bakvirkar leiðréttingar og leiðréttingar á villum og skekkjum í gögnum sem koma fram með hjálp sérhannaðra áætlana til að greina hagskýrslur.

Gagnagrunnurinn sem fæst með þessum hætti verður notaður til vinnslu afleiddra gagna, með því að leggja til frekari unna gagnaflokka og með því að vinna frekar að árstíðarbundinni aðlögun, útreikningum og greiningu vísitalna um utanríkisviðskipti auk viðeigandi hagskýrslugreininga.

#### IV. HAGSKÝRSLUÁÆTLANASVIÐ FYRIR BANDALAGIÐ OG ÖNNUR LÖND HEIMSINS

##### Tilgangur

Þessar áætlanir hafa tvenns konar markmið. Í fyrsta lagi að tryggja að hagskýrslustaðlar og -aðferðir sem eru þróaðar og notaðar í bandalaginu verði einnig notaðar á alþjóðlegum vettvangi til að auka samræmi og gæði gagna sem er þýðingarmikið fyrir notendur. Í öðru lagi skal bandalagið, einkum í samvinnu við lönd í Austur-Evrópu og þróunarlönd, samræma og veita aðstoð við að þróa nútíma hagskýrslukerfi sem uppfylla sömu meginreglur og sambærileg kerfi í Vestur-Evrópu.

##### Hagskýrslumarkmið

Að leggja til við aðildarríkin að hagskýrsluaðgerðir í bandalaginu verði samræmdar innan alþjóðastofnana og að komið verði á samvinnu og tækniaðstoð við þróun hagskýrslukerfa í Mið- og Austur-Evrópu og í þróunarlöndum.

##### 1. Hagskýrslur og Evrópska efnahagssvæðið (EES)

Í 76. gr. Samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er kveðið á um að þróa skuli kerfi fyrir sambærilegar og samhæfðar hagskýrslur í löndum sem eiga aðild að EES. Þetta ákvæði lýsir sér í gerð sameiginlegrar hagskýrsluáætlunar fyrir EB-EFTA sem tekur til allrar starfsemi og verkefna sem er að finna í hagskýrsluáætlun bandalagsins sem varða framkvæmd samningsins. Að því er varðar samráðsleiðir og til viðbótar við ákvæði EES-samningsins ætla Hagstofa Evrópubandalagsins að láta tengja þessi hagskýrslukerfi EFTA-landanna við allar áætlanir bandalagsins til að stuðla að þróun sameiginlegs evrópsks hagskýrslusvæðis sem grundvallast á sameiginlegum meginreglum, stöðlum og aðferðafræði.

## 2. *Þróun hagskýrslukerfa í löndum sem eru að færast í átt til markaðshagkerfis*

Breyting í átt til markaðskerfis gerir kröfu um algjöra umbreytingu á hagskýrsluferfunum.

Samvinna um hagskýrslur verður í meginatriðum tæknilegs eðlis og stefnir að því að gera aðferðafræði og fyrirkomulag sem er notað í löndum með þróað hagkerfi og einkum í löndum Evrópubandalagsins aðgengilegt fyrir lönd sem hlut eiga að máli. Þjálfunin getur verið í formi ráðstefna og námsstefna fyrir fjölmenna hópa fólks eða tengst framkvæmd verkefni á sérstöku sviði (starfsþjálfun).

Framkvæmdastjórnin hefur umsjón með skipulagningu þjálfunarinnar í heild (frá formlegri þjálfun til tæknilegrar aðstoðar) og samræmingu aðgerða þeirra landa sem veita aðstoð og alþjóðlegra stofnana.

Samvinna er skipulögð á grundvelli áætlunar til margra ára sem skiptist í hagskýrslusvið þar sem verkefni og einstakar aðgerðir eru settar fram í forgangsröð. Formleg þjálfun er skipulögð á námsstefnum og í vinnuhópum eða á tvíhliða grundvelli milli Hagstofu Evrópubandalagsins/ aðildarríkjanna og eins Mið- eða Austur-Evrópuríkis eða á marghliða grundvelli (t.d. sérstök þjálfunarætlun evrópskra hagskýrslufræðinga (TES), sjá b-lið 8. gr.). Tæknileg aðstoð er skipulögð á tvíhliða grundvelli milli Hagstofu Evrópubandalagsins eða eins aðildarríkis og eins Mið- eða Austur-Evrópuríkis.

Samræming Hagstofu Evrópubandalagsins á samvinnuverkefnum G24 ríkjanna og alþjóðlegra stofnana tryggir að takmarkaðar auðlindir (fjármagn og þekking) verði notaðar á hagkvæman hátt.

## 3. *Þróun hagskýrslukerfa í þróunarlöndum*

Á tímabilinu 1993 til 1997 er lagt til að starfsemi Hagstofu Evrópubandalagsins beinist að eftirfarandi forgangsverkefnum:

- að þjálfu hagskýrslufræðinga: menntun er grundvallarþáttur sem gerir þróunarlöndunum kleift að leggja grunn að traustri stofnanapróun í hagskýrslugerð. Framkvæma ber tvær tegundir aðgerða á þessu sviði:
  - fjárhagslegan stuðning við faglega þjálfunarskóla í frönsku-, ensku- og portúgölskumælandi löndum í Afríku. Svipuð starfsemi er fyrirhuguð á öðrum svæðum (Suður-Ameríku, Asíu o.s.frv.) til að svara mögulegum beiðnum sem berast frá löndum á þessum svæðum. Samræming við CESD-netkerfið (París, Lissabon, Madríd og Lúxemborg) og kerfið í M<sup>3</sup>nchen hefur forgang til að tryggja besta mögulegan samstarfsgrundvöll.
  - stuðning við starfsemi sem hefur það að markmiði að bæta jafnt og þétt mannafla, t.d. með námskeiðum og námsstefnum um viðeigandi efni,
- hagskýrslur um erlend viðskipti: í stuðningi Hagstofu Evrópubandalagsins við erlend viðskipti verður haldið áfram að leggja áherslu á lokaundirbúning og uppsetningu Eurotrace-kerfisins. Þessi áætlun verður þýdd yfir á frönsku, portúgölsku og spænsku til að hægt sé að veita þróunarlöndum á öllum svæðunum aðstoð hvað þetta svið varðar,
- hagskýrslur, sem eru nauðsynlegar til að tillit verði tekið til félagslegrar hliðar þróunar, er annað svið samvinnu í framtíðinni. Þetta er einkum þýðingarmikið í tengslum við stuðning við skipulagsbreytingar sem í augnablikinu er eitt af forgangsatríðum í fjórðu Lomé-samþykktinni,

- upplýsingakerfi um matvælaöryggi: markmiðið er stuðningur við að koma á fót upplýsingakerfi sem getur komið að gagni við undirbúning og umsjón með stefnumörkun um matvæli og þróun landbúnaðarsvæða. Þetta felur í sér þátttöku í skipulagningu og framkvæmd Diaper II-verkefnisins í CILSS-löndum sem er fjármagnað af Þróunarsjóði Evrópu og tvíhliða áætlunum aðildarríkjanna.

Þessi áætlun er liður í heildaraðgerð sem Hagstofa Evrópubandalagsins er að þróa í Evrópu um þessar mundir í samvinnu við aðildarríkin, í samræmi við áætlanir sem eru unnar af öðrum stofnunum eins og Alþjóðabankanum og efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna vegna Afríku.

#### 4. Samvinna við önnur þriðju lönd

Tímabilið 1993 til 1997 verður helgað markmiðunum sem mælt er fyrir um í samningi við Office of Management and Budget í Bandaríkjunum og Statistics Office í Kanada; þar með er verið að framfylgja Atlantshafsfirlýsingunni sem var undirrituð haustið 1990 af hálfu bandalagsins, Bandaríkja N-Ameríku og Kanada. Þetta samvinnuverkefni snertir þróun flokkunarkerfa, staðla og aðferða, samræmingu tækniástoðar fyrir lönd sem eru að færast í átt til markaðshagkerfis og þjálfun í notkun hagskýrslugagna og miðlun upplýsinga.

#### 5. Samvinna við alþjóðastofnanir

Í stefnumörkun framkvæmdastjórnarinnar í framtíðinni verður haldið áfram að leggja áherslu á samvinnu við hagskýrsludeildir alþjóðastofnana. Í alþjóðlegu samhengi hyggst framkvæmdastjórnin láta meira að sér kveða í samstarfsverkefnum á vegum stofnana SP. Breytingar sem verið er að gera á þessu fyrirkomulagi gerir hagskýrslunefnd SP kleift að skapa hagstæðari samvinnuskilyrði fyrir árið 1993 og skilgreina betur hlutverk framkvæmdastjórnarinnar í samræmingarnefndum, eins og hagskýrsluvinnuhópi um samræmingu eða hagskýrsluundirnefnd um samvinnu milli alþjóðastofnana.

Að því er varðar tiltekin svið tekur framkvæmdastjórnin þátt í öllum samstarfshópunum og kemur þar fram sem fulltrúi Evrópubandalagsins. Þetta felur í sér vinnuhópa um þjóðhagsreikninga, þjónustuhagskýrslur, umhverfishagskýrslur, viðskiptaskrár o.s.frv.

Framkvæmdastjórnin hyggst, innan Evrópu og í öðrum iðnvæddum löndum, auka samvinnu við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og Efnahagsstofnun Evrópu í Genf. Samstarfshópurinn, sem komið var á fót í september 1991, gerir kleift að koma á samvinnu milli þessara þriggja stofnana til að þróa betri hagskýrslustaðla og -aðferðir og bæta gagnasöfnunarkerfi innlendra hagskýrslukerfa.

## V. ÞRÓUN HAGSKÝRSLUTÆKNI OG MANNAFLA

### Tilgangur

Á næstu árum verður, fyrir utan vinnslu, greiningu og miðlun hagskýrslna, nauðsynlegt að hefja samræmingu á málsmæðferð um innlendar hagskýrslur í heildarkerfi þar sem stuðst er við nýjustu tækni. Þetta felur í sér tvenns konar aðgerðir. Í fyrsta lagi að þróa tækni til að safna saman, vinna úr, skiptast á og miðla gögnum úr hátæknirannsóknnum á sviði samskiptatækni. Í öðru lagi er markmið innlendra hagskýrslukerfa að ná hámarksnýtingu á mannvirkjum og aðferðafræði sem er þróuð innan hagskýrslukerfis bandalagsins; þetta stuðlar að þróun sérevrópskra hagskýrslna.

### Hagskýrslumarkmið

Að leggja til við aðildarríkin að þau hafi samvinnu um að þróa nútímataækni sem skilar áreiðanlegum og nýjum hagtölum og að komið verði á fót varanlegri þjálfunaráætlun.

### 1. Miðlun hagskýrslugagna og gagnatækni

Skilvirkni evrópskra hagskýrslukerfa mun til loka þessa áratugar og í framtíðinni fyrst og fremst byggjast á vel hönnuðum upplýsingakerfum og árangursríkri gagnavinnslutækni.

Til að byrja með verður haldið áfram að leggja áherslu á gæði, áreiðanleika, gildi og aðgang að hagskýrslum. Á komandi árum verður þó meiri áhersla lögð á skjótari aðgang að upplýsingum og hæfni til að greina þær. Áhersla sem fram að þessu hefur verið lögð á gagnvinnslukerfi mun í framtíðinni beinast að fjarskiptum og getu til að yfirfæra mikið magn af upplýsingum og samtengingu hagskýrslugagnakerfa aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar, þ.e. uppsetningu á dreifðum upplýsingakerfum í Evrópu.

Samvinna aðildarríkjanna verður á tveimur sviðum:

- a) Þjónusta fyrir dreifingu hagskýrsluupplýsinga (DSIS-verkefnið) DSIS-verkefnið felur í sér þróun hagskýrsluþjónustu fyrir söfnun, vinnslu og miðlun hagskýrslna fyrir evrópska hagskýrslukerfið.

Samvinna milli aðildarríkjanna snýst um eftirfarandi atriði:

- að taka tillit til innlendra upplýsingakerfa og niðurstaðna hagskýrslustöðlunar,
- tölvuvædda upplýsingamiðlun (EDI) sem felur í sér þróun á nokkrum sviðum: stöðlun tölvugagnayfirfærslu, þróun hagskýrsluboða fyrir frumgagnasöfnun, notkun hagskýrslustaðla (flokkunarkerfi) í EDI-boðum almennt, þróun hugbúnaðar til stuðnings Edifact-stöðlum og tengingu við annan búnað,
- tæknimannvirki: koma skal á fót stórum margmiðlunarstöðvum til gagnasöfnunar (Stadium-verkefnið) með ólíkum hluthöfum til að tryggð verði að upplýsingaflæði milli upplýsingakerfa þeirra verði eins sjálfvirkt og hægt er,
- setja skal upp nýjan búnað til að hægt verði að nýta, eins fljótt og auðið er, tæknilegar niðurstöður sem fást úr þessum verkefnum. Mikilvægasti tilraunabúnaðurinn snertir viðskipti innan bandalagsins. Athuga skal hvort hægt sé að yfirfæra fyrirbyggjandi gögn.

- b) Uppsetning miðlunarnets fyrir hagskýrslukerfi bandalagsins

Hagskýrslugögn bandalagsins skulu standa endanlegum notanda til boða á þeim stað þar sem hann venjulega leitar ráða, með nauðsynlegum leiðbeiningum á viðkomandi tungumáli. Það hefur því verið samþykkt að setja upp kerfi fyrir miðlun hagskýrslugagna bandalagsins sem tengir Hagstofu Evrópubandalagsins og hagskýrsludeildir aðildarríkjanna.

Uppsetning þessa nets krefst talsverðrar vinnu á eftirfarandi sviðum:

- dreifing upplýsinga um fyrirbyggjandi hagskýrslur; uppbygging og innihald upplýsingakerfa innanlands og í bandalaginu,
- þjálfun þeirra netaðila sem hafa samband við notendur,
- ákvörðun miðlunarstefnu með hliðsjón af hagnýtum atriðum (tollum, aðgangi að og yfirfærslu gagna, notendavænleika o.s.frv.).

## 2. Hagskýrslupjálfun

Framkvæmdastjórnin heldur áfram á næstu árum að þjálfa evrópska hagskýrslufræðinga (TES-áætlunin) sem styrkir og eflir starfsemi innlendra hagskýrslukerfa á sviði sérhæfingar og framhaldspjálfunar.

Þróun árangursríks hagskýrslukerfis í Evrópu byggist einnig á framhaldspjálfun evrópska hagskýrslufræðinga sem gerir annars vegar kleift að bera saman og bæta þekkingu innanlands og steypa saman sameiginlegum heitum og hins vegar að miðla nýjustu tækni varðandi söfnun, vinnslu og greiningu gagna. Með þessari þjálfun verður stuðlað að áhrifaríkri samvirkni milli hagskýrslu hans opinbera, háskólanna og einkageirans.

Grundvallaratriði þjálfunaráætlunarinnar (TES) er að bæði kennarar og þátttakendur séu af mismunandi þjóðerni til að stuðla að upplýsingaskiptum og reynslu um sameiginleg vandamál.

## 3. Hagskýrslurannsókn

### a) Þróun sérfræðihagskýrslukerfa (DOSES-áætlunin)

Hagskýrslugerð er einnig rannsóknarvettvangur í sjálfu sér. Rannsóknar- og þróunarvinna er forsenda þess að hægt sé að færa hagskýrslukerfi í bandalaginu og aðildarríkjunum til nútímahorfs. Í kjölfar DOSES-áætlunarinnar er mikilvægt, á tímabilinu 1993 til 1997, að nýta sér niðurstöður hennar, að halda áfram starfi sem þegar hefur verið hafið innan þeirra sviða sem lofa góðu og þróa það svið sem rannsóknarstarfið tekur til með því að bæta við eins mörgum nýjum tækniáðferðum og tækni og mögulegt er sem snerta hagskýrslugerð. Einnig verður að huga að spurningunni um viðeigandi stofnanaramma til að stuðla að, samræma og efla innlent frumkvæði.

### b) Yfirfærsla tækni milli hagskýrslukerfa

Að því er varðar upplýsingatækni hafa orðið svo miklar framfarir í staðlagerð og stöðlun hugbúnaðarpakka að núna er hægt að koma á miklu nánara tæknisamstarfi milli ólíkra innlendra og evrópskra hagskýrslukerfa. Á meðan þessi áætlun er í gangi vinnur framkvæmdastjórnin að þróun stefnumörkunar fyrir tæknisamvinnu sem grundvallast á því að útteila verkefnum til hagsbóta fyrir hagskýrslukerfi bandalagsins í heild. Á grundvelli greiðslna sem krafist er með venjubundnum hætti getur ein eða fleiri hagstofur fengið það verkefni að þróa einingar í upplýsingakerfi fyrir hagskýrslukerfi bandalagsins í heild. Hafist verður handa við tilraunaverkefni á þessu sviði að því er varðar Blaisekerfi (þróað í Hollandi) og flokkunarkerfi á móðurtölvu sem er þróað í Frakklandi. Aðrar einingar munu vafalaust notaðar innan ramma Intrasat/Comedi-verkefna og á öðrum sviðum.

### c) Landfræðilegir þættir

Venjulega hafa gögn framkvæmdastjórnarinnar eingöngu verið unnin út frá aðildarríkjunum en sum gögn hafa verið flokkuð eftir stórum staðalsvæðum (Flokkun hagskýrslusvæða (NUTS)).

Ný stefnumörkun gerir kröfu um meiri og fjölbreytilegri svæðaskiptingu fyrir upplýsingamiðlun. Stöðugt er völ á fleiri gögnum sem tengjast landfræðilegum auðkennum. Ný tækni (landfræðilegt upplýsingakerfi) gerir nú kleift að geyma, vinna úr og framvísa þessum gögnum.

Ný atriði í stefnumörkun taka til hagskýrsluvinnu á fleiri en einu sviði framkvæmdastjórnarinnar. Aðallega er um að ræða endurbætur og eflingu innan byggingarsjóðs bandalagsins sem tengist hugmyndinni um svæðasamþættingu,

umhverfismál, endurbætur á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og sameiginleg vandamál í framtíðinni vegna dreifbýlisins, nauðsyn á rekstri eins stórs markaðs og stækkun hans og Evrópska efnahagssvæðið.

Til að auðveldara sé að skilgreina vandamálin, marka stefnu, fylgjast með henni og meta hana og að koma upplýsingum til aðila sem stjórna markaðinum er mikilvægt að búa yfir upplýsingum um ýmsa nýja svæðahópa, eins og á sviði aflfræði (t.d. vatnasvæði) og á sviði fjármála (samgöngur til vinnusvæða sem mögulega fara yfir landamæri).

Framkvæmdastjórnin er byrjuð að fjárfesta í landfræðilegu upplýsingakerfi (öflun sérhæfðs vélbúnaðar, hugbúnaðar og faglærðs starfsfólks, uppbygging grundvallarkerfa fyrir landfræðilegar upplýsingar (kortlagning gagna) og tengsl við hagskýrslur sem vísa til landfræðilegra færíbreyta). Þessi starfsemi verður þróuð og aukin til að veita öðrum stjórnardeildum framkvæmdastjórnarinnar tiltekna meginþjónustu (sambærilega þeirri sem innt er af hendi við hagskýrslur) og til að hafa samvinnu við yfirvöld í aðildarríkjunum sem sjá um hagskýrslur og kortlagningu gagna. Mörkuð verður sameiginleg stefna um höfundarrétt og verð. Mikilvægt er að þróun næstu ára geri aðildarríkjunum kleift að tengja gögn sín landfræðilegum færíbreytum. Því til viðbótar mun framkvæmdastjórnin hvetja til að hlutverk fjarkönnunar í opinbera hagskýrslukerfinu verði skoðað sem hugsanleg uppspretta gagna, sem vísar til landfræðilegra færíbreyta, jafnvel þó hlutverk hennar hafi ekki enn verið skilgreint til hlítar.



# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

### Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA um breytingu á f-lið 3. mgr. 27. kafla í „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“

94/EES/34/03

Með ákvörðun frá 11. maí 1994 breytti eftirlitsstofnun EFTA f-lið 3. mgr. 27. kafla í „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“, sem eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994, á eftirfarandi hátt:

„Viðmiðunaryextir eru notaðir til þess að færa aðstoð til núvirðis og til að reikna út aðstoðarþætti lána. Viðmiðunaryextirnir skulu endurspeglar meðalvexti á viðkomandi markaði. Eftirlitsstofnun EFTA ákveður viðmiðunaryexti að fengnum tillögum EFTA-ríkis við upphaf hvers árs á grundvelli viðeigandi meðalviðmiðunaryvaxta næstliðins ársfjórðungs (af tæknilegum ástæðum september, október og nóvember). Þó verða viðmiðunaryextir aðlagðir aftur á árinu ef mismunurinn milli gildandi viðmiðunaryvaxta og meðaltals þeirra viðmiðunaryvaxta sem skráðir hafa verið á síðustu þremur mánuðum fer yfir 15 prósent af ríkjandi viðmiðunaryvöxtum.

Viðmiðunary- eða afreiknaryextir fyrir hvert EFTA-ríki eru nú ákveðnar sem hér segir:

**Austurríki:** Ávöxtun skuldabréfa sambandsstjórnaryrinnar í umferð á frjálsum markaði (Sekundärmarktrendite) að viðbættum 0,5 prósentustigi

**Finnland:** Fimm ára markaðsávöxtun (frjáls markaður) ríkisskuldabréfa að viðbættu einu prósentustigi

**Ísland:** Meðalvextir (lægstu útlánsvextir) af bankalánum að viðbættu 1,5 prósentustigi á:

- Almenn lán (óverðtryggð); almenn skuldabréf, kjörvextir
- Verðtryggð lán; vísitölubundin lán, kjörvextir

**Noregur:** Meðalvextir af verðtryggðum lánum (1. og 2. flokkur) sem norskir iðnaðar- og byggðaþróunarysjóðurinn veitir

**Svíþjóð:** Samanburðaryextir viðskiptabanka fyrir iðnaðarlán (Jämförelseräntan).“

### Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA um aðra breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“

94/EES/34/04

Með ákvörðun frá 20. júlí 1994 breytti eftirlitsstofnun EFTA „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“<sup>(1)</sup>, sem voru teknar upp 19. janúar 1992<sup>(2)</sup> og breytt í fyrsta sinn 11. maí 1994<sup>(3)</sup>, svo sem hér segir:

- Í stað 1. liðar 28. mgr. 28. kafla í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar komi eftirfarandi:

„Í samræmi við grundvallarreglur svæðaaðstoðar eins og þær eru settar fram hér að framan og samkvæmt sameiginlegu yfirlýsingunni um c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins hefur eftirlitsstofnun EFTA tekið upp aðferðir við beitingu a- og c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þessum matsaðferðum er lýst hér á eftir.“

- liður 28. mgr. 28. kafla í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar falli niður.

<sup>(1)</sup> Hér á eftir vísað til sem leiðbeininga á sviði ríkisaðstoðar.  
<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 231, 3.9.1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 32, 3.9.1994, bls. 1.  
<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 240, 15.9.1994 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 34, 15.9.1994, bls. 29.

- Í stað annars undirliðar 2. liðar mgr. 28.2.1. í 28. kafla í leiðbeiningunum á sviði ríkisaðstoðar komi eftirfarandi:

„á fyrsta stigi greiningaryrinnar er félagsleg og efnahagsleg staða svæðis metin á grundvelli þriggja matsreglna sem hægt er að velja á milli: verg landsframleiðsla á mann eða vergur virðisauki á þáttavirði, kerfislægt atvinnuleysi og mjög mikið dreifbýli;“

- Eftirfarandi nýjum þætti 28.2.3. skal bætt við svo sem hér segir:

„ 28.2.3. Fyrsta stig greiningar með tilliti til svæða þar sem dreifbýli er mjög mikið<sup>(4)</sup>

#### 28.2.3.1. Dreifbýlisviðmiðun

<sup>(4)</sup> Þessi þáttur er í samræmi við auglýsingu framkvæmdastjórnaryrinnar um breytingar á aðferðinni við beitingu c-liðar 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálsins varðandi svæðaaðstoð sem evrópska framkvæmdastjórnin samþykkti 1. júní 1994.“

- 1) Til að taka mið af sérstökum vandamálum varðandi byggðapróum sem til eru komin vegna íbúadreifingar kemur einnig til greina að veita svæðum, sem svara til NUTS III svæða (þriðja stigs svæða) þar sem íbúafjöldi er undir 12,5 á ferkílómetra, byggðaðstoð samkvæmt undanþágunni í c-lið 3. mgr. 61. gr.
- 2) Að því er varðar túlkun og beitingu c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins um svæðaaðstoð er unnt að taka upp þetta lágmark á grundvelli þeirra raka sett eru fram hér að neðan:
- 3) Sameiginleg yfirlýsing um c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins viðurkennir þá staðreynd að vísbendar sem eru notaðir á fyrsta stigi aðferðarinnar endurspeglar ekki nægilega vel byggðavandamál sem einkennandi eru hjá ákveðnum samningsaðilum, einkum norrænu EFTA-löndin (Noreg, Svíþjóð, Finnland og Ísland). Í þessum löndum eru mikilvægir þættir byggðaaðstands sem vísbendunum er ætlað að lýsa og falla utan gildissviðs aðferðarinnar sem notuð er til að greina hvort svæði eigi að njóta aðstoðar svo sem lýst er í þætti 28.2.2. í þessum leiðbeiningum.
- 4) Þessi ófullkomleiki er að miklum hluta til kominn vegna fjölda sérstakra einkenna sem eru sameiginleg norrænu EFTA-löndunum: þau eru landfræðilegs eðlis - staðsetning sumra afskekktara norrænna svæða, óblíð veðráttu og mjög miklar vegalengdir innan landamæra viðkomandi lands - og einnig vegna mjög mikils dreifbýlis í einstökum hlutum. Þetta eru sérstakir þættir sem tölfræðilegir vísbendar sem notaðir eru í þætti 28.2.2. endurspeglar ekki.
- 5) Því verður að nota próf til að greina hvort svæði eigi að njóta aðstoðar sem endurspeglar þessi vandamál. Slíku prófi verður að vera unnt að beita almennt, þ.e. hugsanlega í hvaða landi sem er. Það ber einnig að fella inn í aðferðina sem notuð er við beitingu c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins til þess að raska ekki aðferðinni sem notuð er við mat á byggðaaðstoð. Ef þetta á að vera hlutlægt próf sem gildir á við önnur próf, verður að vera hægt að velja það í stað atvinnuleysisprófa eða prófa á vergri landsframleiðslu sem notuð eru á fyrsta stigi aðferðarinnar. Þetta merkir að hvaða svæði sem er sem svarar til NUTS III svæða sem er með tilskilið atvinnuleysisstig eða stig vergrar landsframleiðslu eða fullnægir kröfum nýja prófsins beri að samþykka sem gilt fyrir svæðaaðstoð við réttar aðstæður og með fyrirvara um samþykki eftirlitsstofnunar EFTA.
- 6) Af þessum ástæðum mætti halda því fram að dreifbýli þar sem íbúafjöldi er undir 12,5 á ferkílómetra endurspeglar byggðavandamál á viðeigandi hátt. Öll

svæði sem svara til NUTS III svæða með íbúafjölda undir þessari tölu kunna að falla undir undanþáguna um svæðaaðstoð sem kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, með fyrirvara um mat og ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA.

### 28.2.3.2. Viðmið fyrir flutningsaðstoð

- 1) Prófi tengslum við dreifbýli kann að vera fullnægjandi lausn á vanda sem tengist fámenni tiltekinna svæða, en tekur ekki á öðru svæðisbundnu vandamáli sem einkennir norrænu EFTA-löndin, það er að segja viðbótarútgjöld sem fyrirtæki bera vegna mikilla vegalengda og óblíðrar veðráttu. Þessir þættir hafa áhrif á byggðapróum á tvo vegu: þeir kunna að gera það að verkum að fyrirtæki á slíkum svæðum flytji til svæða sem eru ekki eins afskekkt og þar sem efnahagshorfur eru betri og þeir kunna að koma í veg fyrir að fyrirtæki flytji til slíkra afskekktara svæða.
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA gæti því ákveðið að heimila aðstoð til fyrirtækja sem miðar að því að bæta að hluta til þann viðbótarflutningskostnað, að takmörkuðu leyti og að eigin mati, til verndar almennum hagsmunum. Slík uppþót verður þó að vera í samræmi við eftirtalin skilyrði:
  - Eingöngu er heimilt að veita aðstoð til fyrirtækja sem eru á svæðum sem uppfylla skilyrði fyrir byggðaaðstoð á grundvelli dreifbýlisprófs.
  - Aðstoðina má einungis nýta til að bæta upp viðbótarflutningskostnað. Viðkomandi EFTA-ríki verður að færa rök fyrir því að þörf sé á bótum. Aldrei má veita bætur umfram kostnað. Taka ber til greina aðrar aðstoðaráætlanir vegna flutninga, einkum samkvæmt 49. og 51. gr. EES-samningsins.
  - Eingöngu er heimilt að veita aðstoð í tengslum við aukakostnað vegna vöruflutninga innan landamæra viðkomandi lands. Aðstoðin má ekki verða að útflutningsstyrk.
  - Aðstoð verður að vera unnt að ákvarða fyrirfram á hlutlægan hátt á grundvelli aðstoðar miðað við hvern kílómetra eða á grundvelli aðstoðar miðað við hvern kílómetra og aðstoðar miðað við hverja vegna einingu, og gera verður ársskýrslu sem meðal annars sýnir hvernig hlutfallið eða hlutföllin virka.
  - Áætlaður viðbótarflutningskostnaður verður að vera grundvallaður á hagstæðasta flutningsmátanum og stystu vegalengdinni milli framleiðslustaðar eða vinnslustaðar og viðskiptastaðar.
  - Óheimilt er að veita aðstoð vegna flutninga eða sendingu vara fyrirtækja sem ekki er hægt að staðsetja annars staðar (vörur úr námaíðnaðinum, vatnsraforkustöðvar, o.s.frv.).
  - Flutningsaðstoð til fyrirtækja í iðnaði sem eftirlitsstofnun EFTA telur viðkvæman (bílaíðnaður,

*textíldnaður, gervipráðaiðnaður, iðnaður í tengslum við vörur frá KSE og stál sem ekki er KSE-stál) er háð svæðisbundnum reglum viðkomandi iðnaðar og því ber sérstaklega að virða sérstaka tilkynningaskyldu sem kveðið er á um í viðeigandi köflum þessara leiðbeininga eða í gerðinni sem vísað er til í lið 1a í XV. viðauka við EES-samninginn.<sup>(1)</sup>*

- *Þessar ráðstafanir<sup>(2)</sup> gilda ekki um landbúnaðarvörur sem eru innan gildissviðs II. viðauka við EB-sáttmálann og sem falla innan gildissviðs EES-samningsins.*
  - *Allar áætlanir til að hrinda í framkvæmd nýjum áætlunum eða til að breyta fyrirbyggjandi áætlunum um flutningsaðstoð verða að fela í sér tímatakmarkanir og þær mega aldrei vera hagstæðari en fyrirbyggjandi áætlanir í hlutaðeigandi EFTA-ríki.*
- 3) *Eftirlitsstofnun EFTA stefnir að því að endurskoða fyrirbyggjandi aðstoðaráætlanir vegna flutninga á grundvelli þessara viðmiðana innan þriggja ára frá því að EES-samningurinn tók gildi.”*

5. Þáttur 28.2.3. verði þáttur 28.2.4.

Í stað fyrsta málsliðar 1. mgr. þessa þáttar komi eftirfarandi:

„(1) Fyrsta stig greiningarinnar sem lýst er hér að ofan gerir mögulegt að kanna í grundvallaratriðum félagslega og efnahagslega stöðu svæðis í þjóðhagslegu og EES-samhengi að því er varðar atvinnuleysi, tekjustig og mjög mikið dreifbýli.”

Í stað 3. mgr. þessa þáttar komi eftirfarandi:

„3) Það er mögulegt að þessir aðrir vísbendar sem skipta máli geti dregið fram fullnægjandi réttlætingu á svæðaaðstoð, jafnvel á svæðum sem uppfylla ekki algerlega þau lágmark sem fram koma á fyrsta stigi greiningar.”

6. Þáttur 28.2.4. verði þáttur 28.2.5.

„<sup>(1)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 3855/91/KSB frá 27. nóvember 1991 um að setja bandalagsreglur fyrir aðstoð til stáliðnaðarins (Stjtíð. EB nr. L 362, 31.12.1991, bls. 57).“

„<sup>(2)</sup> Samsvarandi skilyrði í auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar sem vísað er til í 1. neðanmálgrein hljóðar svo: „les produits agricoles relevant de l'Annexe II du Traité CE, autres que les produits de la pêche, ne sont pas couverts par les present dispositions”. Mismunandi skilyrði í þessum leiðbeiningum um ríkisaðstoð eru vegna þess að eftirlitsstofnun EFTA hefur ekkert umboð að því er varðar ríkisaðstoð í fiskveiðimálum.”

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Birting ákvarðana aðildarríkjanna um að veita eða 94/EES/34/05**  
**afturkalla rekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar**  
**(EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum**

Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum<sup>(1)</sup>, í A-flokki (án þeirra takmarkana sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) og/eða B-flokki (með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. í reglugerð nr. 2407/92) voru birtar í Stjtið. EB nr. C 256, 13.9.1994.

**Spánn** hefur veitt þremur flugfélögum í B-flokki flugrekstrarleyfi.

**Frakkland** hefur veitt fjórtán flugfélögum í A-flokki og 17 í B-flokki flugrekstrarleyfi og afturkallað flugrekstrarleyfi eins flugfélags í A-flokki og eins flugfélags í B-flokki.

**Grikkland** hefur veitt einu flugfélagi í A-flokki flugrekstrarleyfi.

**Þýskaland** hefur veitt tveimur flugfélögum í A-flokki og þrettán í B-flokki flugrekstrarleyfi.

**Danmörk** hefur veitt þremur flugfélögum í B-flokki flugrekstrarleyfi.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu 94/EES/34/06**

**(Mál nr. IV/M.493 - Tractebel/Distrigaz II)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 1.9.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 240, 24.8.1992, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****94/EES/34/07****(Mál nr. IV/M.480 - Sanofi/Kodak)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 12.8.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****94/EES/34/08****(Mál nr. IV/M.496 - Marconi/Finmeccanica)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5.9.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

<sup>(1)</sup> Stjórnartíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjórnartíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/34/09

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjórið. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjórið. EB nr. L 81, 26.3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun (1)	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils(2)
94-0147-F	Reglugerðir um val á númeri og vistföngu notendabúnaðar	29.9.1994
94-0148-F	I 12-31 A: Tiltekin rafsegulsamhæfni ISDN-notendabúnaðar sem á að tengja við almenna fjarskiptanetið	19.10.1994
94-0149-F	I 12-32 A: Tiltekin rafsegulsamhæfni fyrir notendabúnað sem á að tengja við almenna fjarskiptanetið (annað en ISDN- eða radíófarstöðvar)	19.10.1994
94-0150-GR	Heilbrigðisákvæði „varðandi hugtök í tengslum við stofnun og starfsemi alifugla- og búfjárbýla“	30.9.1994
94-0151-F	P 10-20 A: Skrá yfir viðbótarpróf fyrir tengibúnað sem er í samræmi við NET3 og/eða NET5 vegna tengingar við Evrópusamnetið	3.10.1994
94-0152-F	P 10-21 A: Skrá yfir viðbótarpróf fyrir tengibúnað sem er í samræmi við NET3 og/eða NET5 vegna tengingar við Evrópusamnetið	3.10.1994
94-0153-D	Leiðbeiningar um breytanleg umferðarmerki á þjóðvegum [skammstafað á þýsku: RWVA]	9.11.1994
94-0154-D	Leiðbeiningar um breytanleg umferðarmerki á þjóðvegum [skammstafað á þýsku: RWVZ]	9.11.1994
94-0155-D	Fyrirmæli um breytingu á umferðarreglugerðum (skráningarkerki ökutækja)	10.10.1994
94-0156-UK	MPT 1381 afkastaforskrift frá júní 1994. DCSS-kerfi (digitally coded squelch signalling system) til notkunar í landfarstöðvarþjónustu	6.10.1994
94-0157-UK	Deildarstaðall HD 26-94 „gangstéttahönnun“ breyting nr. 1: 2., 3. og 4. kafli (DOT-tilvísun: EP 024-94-EB)	10.10.1994
94-0158-UK	Áburðarreglugerðir árið 1994 (breyting)	13.10.1994
94-0159-DK	Tæknileg ákvæði fyrir radíóuppsetningu vegna móttöku á útvarpsendingum frá fjarskiptagervihöttum	18.11.1994
94-0160-E	Drög að konungsúrskurði til samþykktar á reglugerðum um að fella inn í fyrirskipaðar spænskar skrár aukefni sem eru heimilud í öðrum aðildarlöndum Evrópubandalagsins en er ekki að finna í spænskum skrá, eða eru skráð í öðrum skömmtum en þar eru heimilaðir	12.10.1994
94-0161-E	Drög að konungsúrskurði um að samþykkja reglugerðir um tómsunda- og leiktæki	12.10.1994
94-0162-E	Tækniforskriftir að radíóbúnaði með hornmótun til notkunar á bandinu sem þekkt er sem almenningsstalstöð	19.10.1994
94-0163-F	SP-DGPT-ATAS-24, júníútgáfan 1994, nefnd “tæknileg regla fyrir búnað sem starfar á tíðnisviðinu 25 MHz til 1000 MHz með styrkleika undir 10 mW”	13.10.1994
94-0164-F	Fyrirmæli um notkun ýmissa tæknilegra hjálparefna í matvæli til neyslu	13.10.1994

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(2) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
94-0165-F	Fyrirmæli til breytingar á breyttum fyrirmælum frá 6. febrúar 1989 um að semja skrá yfir tæknileg hjálparefni sem heimilt er að nota við framleiðslu á sykurvörum	13.10.1994
94-0166-F	Fyrirmæli til breytingar á breyttum fyrirmælum frá 26. október 1982 um efni í tyggigúmmí	13.10.1994
94-0167-NL	Undanþága fyrir kældar vörur í mótuneytum og veitingahúsum frá drögunum að reglugerðinni um matvæli og lyf	17.10.1994
94-0168-F	Drög að fyrirmælum til breytingar á fyrirmælunum frá 19. desember 1958 um samsetningu ökutækja	13.10.1994
94-0169-F	Drög að fyrirmælum til breytingar á fyrirmælum frá 16. júlí 1954 um ljós og merkjabúnað ökutækja	13.10.1994
94-0170-F	Drög að fyrirmælum varðandi eldsneytisgeyma í vélknúnum ökutækjum	13.10.1994
94-0171-D	Tæknileg skilyrði um afhendingu á trefjadúkum og grindum úr trefjadúki til jarðvinnslu sem tengist vegagerð (TL-GEOTEX E-STB)	20.10.1994
94-0172-UK	Reglugerðir frá 1994 um flutninga á hættulegum varningi á vegum og járnbrautum (flokkun, pökkun og merkingar) (Norður-Írland)	19.10.1994
94-0173-UK	Reglugerðir um ósjálfvirkan vogarbúnað (breyting)	20.10.1994
94-0174-UK	Reglugerðir um þyngd (breyting)	20.10.1994
94-0175-UK	Reglugerðir um mælíbúnað (fljótandi eldsneyti og smurólía)	20.10.1994
94-0176-UK	Reglugerðir um vogarbúnað (beltavogir) (breyting)	20.10.1994
94-0177-NL	Drög að fyrirmælum um förgun á rafhlöðum, 4. gr.	20.10.1994
94-0178-E	Drög að konungsráskurði til breytingar á lið 5.1 í þætti III í konungsráskurði 308-1983, frá 25. janúar, til samþykktar á tæknilegri heilbrigðisreglugerð um neysluhæfar jurtaolíur	26.10.1994
94-0179-NL	Drög að samræmingarreglugerð um rotvarnarefni í osti (lög um matvæli og lyf)	31.10.1994
94-0182-UK	Fyrirmæli frá 1994 um smitandi heilahrörnun í nautgripum (breyting)	Áríðandi
94-0183-UK	Reglugerðir frá 1994 um nautgripasláturúrgang (bann)(breyting)	Áríðandi
94-0184-UK	Fyrirmæli frá 1994 um dýrasjúkdóma (fóður)(breyting) (Norður-Írland)	Áríðandi
94-0185-UK	Reglugerðir frá 1994 um nautgripasláturúrgang (bann)(breyting) (Norður-Írland)	Áríðandi
94-0186-UK	Breytingareglugerðir frá 1994 um nautgripasláturúrgang (bann)(Skotland)	Áríðandi
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. mars 1989 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. maí 1994.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.